

Skáldsagan *101 Reykjavík* á rússnesku Að þýða orðaleik

Höfundur þessarar greinar er ekki þýðingafræðingur, en hefur mikla og fjölbreytta reynslu af þýðingum á íslenskum bókmenntum á rússnesku. Hér verður sagt frá þýðingu höfundar á skáldsögunni *101 Reykjavík* eftir Hallgrím Helgason¹ sem kom út á rússnesku árið 2008.² Við fyrstu kynni virkaði *101 Reykjavík* eins og gamansöm skáldsaga handa ungu fólki en reyndist síðan vera annað og meira. Textinn bauð upp á margar þrautir fyrir þýðandann, einkum og sér í lagi þar eð þýðandinn var frá menningarheimi utan Vestur-Evrópu. Hér á eftir verður fjallað um dæmi í bókinni sem reyndust þýðandanum erfið og vinnu hans við að leysa þau.

Margar af þessum þrautum voru af hreinræktuðum menningarlegum toga, þ.e. vísanir til séríslenskra fyrirbæra, allt frá torfbæjamenningu og tilvitnunum í sígild kvæði, til dægurlaga og sjónvarpsefnis. Aðalhetjan í skáldsögunni, Hlynur Björn, notar eins og þekkt er ríkulega alls kyns vísanir og tilvitnanir þegar hann segir frá, og oftast en ekki eru það vísanir í texta sem fáir þekkja í rússneskum menningarheimi nema þá helst íslenskufraðingar. En vandann var hægt að leysa með því að útskýra hin og þessi fyrirbæri í neðanmálsgreinum.³ Í rússnesku þýðingunni eru því fjölmargar neðanmálsgreinar.

1 Allar vísanir til frumtextans eru samkvæmt: Hallgrímur Helgason, *101 Reykjavík*, Reykjavík, Mál og menning, 2002. Vísað verður til blaðsíðutals í sviga á eftir tilvitnunum.

2 Allar vísanir í rússnesku þýðinguna eru samkvæmt: Фаллгримур Фельгасон, *101 Рейкьявик*, þýð. О. А. Маркелова, Санкт-Петербург: «Азбука», 2008. Vísað verður til blaðsíðutals í sviga á eftir tilvitnunum.

3 Til samanburðar má nefna enska þýðingu skáldsögunnar, Hallgrímur Helgason, *101 Reykjavík*, þýð. Brian FitzGibbon, New York: Scribner, 2002, þar sem vísunum til flestra íslenskra menningarfyrirbæra (aðallega þó dægurmenningar) er skipt út fyrir bandarískar. Þótt Hlynur Björn vitni líka í bandarísk dægurlög og sjónvarpsefni er íslenski menningarþátturinn þó grundvallandi hjá honum og fjarvera hans áberandi fyrir bragðið.

Hin þrautin var af málfarslegum toga. Málfarið í 101 *Reykjavík* einkennist af líflegum orðaleikjum, stundum einnig á erlendum tungumálum, óvenjulegum orðaforða og jafnvel nýyrðasköpun. Í slíkum tilfellum hefði verið vonlaust að láta nægja neðanmálsgreinar á borð við: „Þetta er óþýðanlegur orðaleikur á frummálinu“ – vegna þess að orðaleikir koma fyrir nánast linnulaust í skáldsögunni. Textar eins og þessi krefjast ávallt skapandi nálgunar af þýðanda. En til þess að geta búið til sín eigin nýyrði og orðaleiki þarf þýðandinn fyrst að gera sér grein fyrir því hvernig þau eru búin til eða hugsuð á frummálinu og leitast við að beita sömu aðferðum í þýðingunni sinni. Orðaleikir og nýyrði í þýðingunni lenda þó ekki endilega alltaf á akkúrat sömu stöðum eða eru af nákvæmlega sama tagi og í frumtextanum, en það að rýna í þau getur gefið þýðandanum vísbendingu um hvaða aðferðum er best að beita til að koma þeim til skila.

En lítum þá á nokkur svið þar sem tungumálið er notað á skapandi hátt í skáldsögunni 101 *Reykjavík*:

Fyrst má nefna „venjulegan“ orðaleik þar sem leikið er með merkingarbær orð sem eru samhljóma. Þýðingaraðferðin felst í því að finna samhljóma merkingarbær orð á rússnesku sem nota má í staðinn og hér má taka dæmi um setningu í frumtexta þar sem tökuorð og íslenskt orð hafa líkan hljóm:

„Og heyrðu, hvernig var hún [stúlkan]? Dáldið höst svona? –Já já. Það er höstler í henni“ (46).

Í rússneska textanum:

„...она у тебя такая пробивная, так и рвётся в бой? – Бой, а может, и гёрл“ (55).

Hér eru rússneska orðið „бой“ (*boj*, orrusta) og enska tökuorðið sem merkir „strákur“ samhljóða orð (e. *homonym*). Samhliða er notað tökuorðið „гёрл“ (*gjorl*, stúlka) og til verður orðaleikur á rússnesku sem er illþýðanlegur á íslensku.

Einnig má finna í skáldsögunni nýyrði sem eru mynduð með brenglun af orðum sem eru til í tungumálinu. T.d. nýyrðið „geð-

kjúklingur“ sem er myndað með því að skipta um aðeins einn bókstaf í orðinu „geðsjúklingur“; setningin „Teng dó“ (226) er ekkert annað en klofningur á nafnorðinu „tengdó“ o.s.frv.

Í stöku tilvikum eru nýyrði sköpuð með því að láta orð skipta um orðflokk. Eftirminnilegasta dæmið um það er svona: Þegar sögumaðurinn er staddur í leiðinlegum sumarbústað breytir hann orðinu „bústaður“ úr nafnorði í lýsingarorð:

„Ég bý til nýtt orð. „Bústaður“. Ég er orðinn rosalega bústaður. (Andstæðan við böstaður)“ (358).

Á rússnesku varðveittust orðflokkaskiptin, nema hvað nú er sögn breytt í nafnorð:

„Придумал новое слово. «Отдыхать». (Это существительное. По тому же типу, что «благодать», «круговерть» и «муть»). У меня сегодня одна сплошная отдыхать“ (433).

Sagnorðinu „отдыхать“ (*otdykhat*, slappa af)⁴ er breytt í kvenkynsnafnorð, og það útskýrt í með vísun í nafnorð í kvenkyni sem hafa sömu endingu, sem í frásögn Hlyns Bjarnar fær að merkja leiðindi í sumarbústaðnum.

Annað skýrt dæmi um það sama er breyting á nafnorði (í þessu tilviki fyrirtækjaheiti) í lýsingarorð:

„[Hann vinnur] Hjá Bæjarleiðum. Hann er mjög bæjarleiður“ (45).

Í rússnesku þýðingunni er þessi orðaleikur þó endurgerður með notkun „venjulegra“ orða sem hafa svipaðan hljóð:

„Всю жизнь за баранкой. Сам уже стал бараном“ (54).

Hér er leikið með orðin „за баранкой“ (*za barankoj*, við stýri) og „баран“ (*baran*, hrútur – í yfirfærðri merkingu „fáviti“).

4 Hér og framvegis er þeirri reglu fylgt, ef þess er talin þörf, að gefa umritun á rússneskum orðum í sviga ásamt íslenskri þýðingu. Stundum er umritun látin duga.

Slanguryrði eru annað og mun áhugaverðara svið þar sem nýsköpun á orðum og orðaleikur koma við sögu. Aðalhetjan í skáldsögunni notar oftast en ekki sérkennilegt slangur sem er blanda af algengum slanguryrðum og orðum sem eru tilbúningur höfundarins.⁵ Þótt mörg slanguryrði í bókinni séu sköpunarverk Hallgríms eru þau búin til eftir sömu „uppskriftum“ og raunverulegt íslenskt slangur; oft eru þetta ensk orð sem hafa aðlaðast íslenska beygingarkerfinu algerlega eða að hluta til. T.d. er orðatiltækið „að standa í hæönnum“ búið til með því skipta „hey“ (í samsetta orðinu „hey-annir“) út fyrir kveðjuorðið „hæ“ og skýrt af höfundinum sem „vera staddur í fjölmennu teiti og þurfa að heilsa mörgum“ (378). Lýsingarorðið „sæsaður“ kemur af enska orðinu *size* með íslensku viðskeyti. Orð á borð við „kjúkl“ eru tökupýðingar af samsvarandi enskum slanguryrðum (*chick*) og dæmi eins og „gúffi“, „póný“ og „sæn“ eru „hreinræktuð“ ensk orð.

Sem betur fer er hægt að finna hliðstætt fyrirbæri í rússnesku, einkum hippaslangur frá áttunda áratugnum, en mörg orð frá því tímabili lifa enn góðu lífi í nútíamáli, t.d. „ШУЗЫ“ (*shúzy*), „ФЛЭТ“ (*flet*), „хаер“ (*khajer*), af ensku orðunum; *shoes*, *flat* og *hair*, þannig að slíkt málfar hljómar ekki úrelt. Á rússnesku fékk Hlynur Björn að nota þetta slangur og einnig var hægt að búa til fleiri rússnesk enskuskotin nýyrði eftir sama mynstri, með því að nota enskar orðarætur og rússnesk við- eða forskeyti: orðin ПЕТСЫ (*petsy*), „ЮЗЛЕССНЫЙ“ (*júzlessnyj*), „ВЕЙСТ-ОВ-МАНИШНЫЙ“ (*vejst-ov-maníshnyj*) og „ОТСИМПСОНИТЬСЯ“ (*otsímpsonítsja*) eru dregin í nefndri röð af ensku orðunum *pets*, *useless*, *waste of money* og sérnafninu Simpson. Einnig má taka dæmi af því þegar enskt viðskeyti er notað með rússnesku orði: „ОБЛАДЕЙШН“⁶ (*obladejshn*, gón) = rússneska tal-málssögnin „ОБЛАДЕТЬ“ (*obladet*, að geggjast) + enska viðskeytið *-tion* („-ШН“) sem er þekkt í nútímarússnesku, en þó aðallega sem hluti af tökuorðum.

Hallgrímur notar einnig myndhverfingu til þess að búa til slanguryrði í 101 *Reykjavík*. Þannig verður orðið „kengúra“ heiti

5 Aftast í bókinni má finna lista með orðaskýringum. Vel að merkja þá er ekki algert samræmi milli þessa glósulista og málfars Hlyns Bjarnar: sum orð eru á listanum er hvergi að finna í bókinni, en nokkur orð sem hetjan notar vantar á glósulistann.

6 Tilraun til þýða eða yfirfæra nýyrði Hallgríms „gón“ = „stúlka sem allir góna á“.

fyrir óléttu konu, „óátekin spóla“ fyrir hreina mey og orðið „landvörður“ fær merkinguna „hvímleiddur einstaklingur langt að kominn“. Slíkar myndhverfingar eru oftast gegnsæjar og þess vegna auðveldar í þýðingu.

Enn fremur er mikið um orðaleiki með örnefni og mannanöfn í skáldsögu Hallgríms. Þar er einkum tvennt á ferðinni: leikur með merkingu orðs eða með hljóð þess. Sem dæmi um það fyrrnefnda má nefna eftirfarandi: fjallsheitið Baula er „þýtt“ á ensku sem „Cowspeak“, af íslensku sögninni „að baula“; strákurinn sem heitir Þröstur er kallaður „fugl“ og „snjótittlingur“, enda er merking nafnsins fuglsheiti. Dæmi um það síðara eru eftirfarandi: karlmannsnafnið Magnús er brenglað í „Nagmús“; örnefnið Kiðafell er „þýtt“ á ensku sem „The Kid that Fell“; nafn aðalhetjunnar sjálfrar er skopstælt sem „Linur Björn“ og eftir miklum kvennafarsævintrýrum hans sem: „Hlynur Björn – Hlynur þrjú börn“.

Lausnin á því hvernig þýða skyldi þess háttar orðaleiki á rússnesku lá fyrst og fremst í því að frumtextinn bauð upp á möguleikann að leika sér ekki eingöngu með merkingu nafnanna heldur líka með hljóð þeirra. Leikur með hljóð mannanafnanna í skáldsögunni virtist frekar auðleysanleg þraut fyrir þýðanda sem býr ekki við skort á ímyndunarafl. Af hljómi nafns aðalhetjunnar mátti þá draga nýsköpunaryrði á borð við „клинический случай“ (*klínítsjeskí slútsjaj*, sbr. algengt orðatiltæki „клинический случай“, *klínítsjeskí slútsjaj*, klínískt tilfelli). Hér er fyrsta stafnum, „к“, í þessu fasta orðasambandi, skipt út fyrir stafinn „х“ (*kh*) sem er fyrsti stafurinn í nafni Hlyns upp á rússnesku. Fyrri hluti orðsins клинический (*klínítsjeskí*) hljómar því eins og eiginnaframt aðalsöguhetjunnar. Svipað er uppi á teningnum varðandi skammstöfunina „Хлин Бьёрн – х/б“ (*Khlín Björn – kh/b*) sem vísar til atviksins þegar aðalhetjan felur sig í þvottahúsinu innan um þvott á snúrum, en „х/б“ er skammstöfun fyrir bómull á rússnesku.

Í þessu samhengi má nefna eitt dæmi sem er mitt á milli orðaleiks með hljóð og merkingu orða: „Karlmaður þitt nafn er Þráinn“ (175). Hér er kvenkynsorðið „þrá“ með ákveðnum greini nánast samhljóma karlmannsnafninu „Þráinn“ og þetta gefur aðalhetjunni möguleika á að persónugera tilfinningar sínar. Þýðingarlausnin varð að búa til karlmannsnafn úr rússnesku orði með svipaða merkingu

og orðið „þrá“: „Мужчина, имя тебе Том Ление“ (209): úr nafn-orðinu „ТОМЛЕНИЕ“ (*tomleníje*, þrá, angurværð) er hægt að sníða nafnið „Tom“ og restin af orðinu fær að hljóma nokkuð eins og erlent eftirnafn, *Tom Leníje*.

Í skáldsögunni er einnig leikið með erlend nöfn, þótt þess konar orðaleikir komi þar mun sjaldnar fyrir en með íslensk nöfn. Eitt skemmtilegasta dæmið um það er nafnið Hamlet, sem reynist samhljóma orðunum „amlóði“ (en þetta nafn er sagt vera dregið einmitt af þessu íslenska orði), „ommiletta“, „hamfletta“ og jafnvel „Hamlettermann í Hollywood“. Á rússnesku þurfti að færa áhersluna í nafninu til þess að skapa orðaleikinn „Гамле́т – Омлет“⁷, en sérnafnið „Hamlettermann“, hver sem merkingin orðsins er, skapar grunn fyrir frekari útúrsnúning: „хам Леттерманн“ (*kham Lettermann*, Lettarmann ruddi).

Leikur með merkingu mannanafnanna er mun meiri áskorun fyrir þýðandann. Mannanöfn eru venjulega ekki þýdd á erlend mál jafnvel þótt merking þeirra sé augljós (eins og t.d. íslensku eigin-nöfnin Þröstur og Björn). Vegna orðaleikjanna þurfti stundum að grípa til þess ráðs að útskýra merkingu nafnanna í textanum. Sem dæmi má nefna að til að varðveita samhengið í setningunni „Linur Björn í sínu híði að horfa á heimildamynd um aðra tegund ...“ (189), var bætt við skýringu og útkoman varð eftirfarandi:

„Если кому интересно, моё второе имечко – Бьёрн – означает «медведь». Так вот, этот медведь сидит в своей берлоге и смотрит документальный фильм о другом виде животных ...“ (225).

Ísl.: Ef einhver skyldi hafa áhuga, þá þýðir seinna nafn mitt „björn“. Og svo situr þessi björn í sínu híði og horfir á heimildamynd um aðra dýra-tegund ...“

7 Í rússnesku getur áherslan verið á hvaða atkvæði sem er í orðum, og í sumum orðum er hún meira að segja hreyfanleg eða breytileg, eftir falli og tölu, t.d. í sérnafninu „Гамлет“ (*Gamlet*, Hamlet) er áherslan venjulega á fyrsta atkvæði, en hægt er að færa hana á það síðara í spaugilegum tilgangi, eins og hér, þar sem áherslan í orðinu „Омлет“ (*omlet*, „ommeletta“) er á síðara atkvæðinu. Áherslan er hér merkt með kommu yfir stafnum „e“. Áherslur er alla jafna ekki merktar í prentuðum texta, nema í tilfellum eins og þessum t.d.

Rússneskan býður upp á enn eina mögulega meðferð á manna-nöfnum sem tíðkast ekki í nútímaíslensku og felst í notkun á alls konar gælu- og smækkunarviðskeytum, en þau komu að góðum notum í þýðingunni þar sem þau lýsa afstöðu persóna til þeirra sem þær tala við eða um. Þar af leiðandi mátti kalla persónurnar „Хлинчик“, „Хлинушка“ (*Khlínsjík, Khlínúshka* – gælunöfn fyrir Hlyn) og „Лолочка“ (*Lolotsjka* – gælunafn fyrir Lollu) á rússnesku. Svo er hægt að nota „stækkunar“viðskeyti við nafn persónunnar sem skiptir mestu máli í lífi aðalhetjunnar: „Берглиндице“ (Berglind = Берглинд, með viðskeytinu „-ице“). Slík viðskeytanotkun brýtur hvorki í bága við rússneska málvenju né, vonandi, eðli samskiptanna milli persónanna í skáldsögunni.

Hvað varðar íslensk örnefni í skáldsögunni, er leikið eingöngu með merkingu í sumum þeirra og eingöngu með hljóð í öðrum. Það er alþekkt að merking flestra íslenskra örnefna er skiljanleg fyrir almenna málnotendur.⁸ Ólíkt þeim íslensku, búa rússneskir lesendur í málumhverfi þar sem einungis nokkur örnefni eiga sér augljósa merkingu á móðurmálinu, en hin eru óskiljanleg út frá rússnesku enda af erlendum eða óljósum uppruna. Þar af leiðandi má telja að þeim muni ekki þykja óeðlilegt ef helmingurinn af örnefnum í skáldsögunni er þýddur (helst nöfn á smábæjum) en hinn helmingurinn umritaður. Í rússnesku gerðinni af *101 Reykjavík* má finna „хутор Грязи“ (*khútor Grjazí*, þýðing á bæjarheitinu Saurbær) við hliðina á „город Кваммстанги“ (*gorod Kvammstangi*, umritun á bæjarheitinu Hvammstangi).

Síðan er líka hægt að finna rússnesk samhljóða orð við umrituðu íslensku örnefnin og nota þau einnig í orðaleik, sbr.:

„Колапорт. Порт разбитых кораблей“ (86).

Nafn flóamarkaðarins í Reykjavík er samhljóða rússneska orðinu „порт“ (*port*, höfn).

8 Þar af leiðandi hefur mótast sú lenska hjá rússneskum Íslendingasagnaþýðendum að þýða öll örnefnin eins og þau leggja sig, enda teljast þau öll merkingarbær. En annars gildir þessi aðferð eingöngu í Íslendingasagnaþýðingum, en í öllum öðrum textategundum eru íslensk örnefni einungis umrituð. Reyndar notar þýðandi spennusagna eftir Arnald Indriðason, Ílja Smírnov, sömu aðferð og þýðendur Íslendingasagnanna, en hann hefur lokið háskólanámi í forníslenskum bókmenntum.

Einnig er hægt að leika með orð sem hafa svipaðan hljóm og umritað bæjarnöfn, líkt og í eftirfarandi dæmi:

Кваммантанги „где все так и жаждут пристать К-вам-с-танго“ (294).

Bæjarheitið (Hvammstangi) er umritað, en íslenska orðið „tangi“ hljómar ekki ólíkt dansheitinu „tangó“ (á rússnesku „танго“, *tango*). „K-вам-с-танго“ (*K-vam-s-tango*), þýðir beinlínis „við-ykkur-í-tangó“ = Hvammstangi „þar sem alla þyrstir í að dansa „við-ykkur-tangó“.

Eins og þegar hefur verið nefnt er ríkulegt magn af tilvitnunum í skáldsögunni 101 *Reykjavík*. Stundum er einnig leikið með þær, fleyg orð eru skopstæld og brengluð. Þetta er líklega erfiðasti þátturinn fyrir þýðandann, enda oftast um að ræða vísanir í texta sem hinn almenni rússneski lesandi kannast ekki við.

Eina skynsama þýðingarleiðin virtist vera sú að varðveita, eða reyna að varðveita, orðaleikinn en skýra hann um leið. T.d. fékk frasi Hlyns Bjarnar „Eigi skal böggva!“ (27), sem er skopstæling á orðum Snorra Sturlusonar „Eigi skal höggva!“, að líta svona út á rússnesku:

„Как сказал Снорри Стурлусон: «Не наезжайте на меня!»“ (31).

Ísl.: Eins og Snorri Sturluson sagði: „Eigi skal böggva mig“ – og síðan fylgir neðanmálsgrein þar sem skýrt er frá undir hvaða kringumstæðum Snorri lét þessi orð falla.

Sama aðferð var notuð við fleyg orð úr Íslendingasögum sem eru brengluð hjá Hlyni Birni, t.d.:

„Kaldur er konu eldur“ (147), sbr. hin fleygu orð „Köld eru kvenna ráð“, eða „Þeim er ég verst er með ég leggst“ (236).

Frasarnir eru þýddir beint á rússnesku: „Холодны костры женщины“ (176), „К тому я суровее всего, с кем я сплю“ (282), og skýringar gefnar í neðanmálsgrein.

Í aðskildum tilvikum virðist þó óumflýjanlegt að menningarvísun getur orðið að „venjulegum“ orðaleik. Slíkt gerðist með orðið „*Móðuharðindi* á gleraugunum“ (364). Hér er átt við mikla móðu á glerinu en vísunin til hinna margumtöluðu hörmunga stafar af því að aðalhetjan hefur villst á heiðinni í hríðarveðri. Á rússnesku fékk frasinn þó eftirfarandi útlit: „Очки запотели. Нулевая НЕВИДИМОСТЬ“ (Það er móða á gleraugunum. Skyggni ekkert) (441). Vísunin í sögu Íslands hefur því miður glatast í þýðingunni.

Hér hefur verið lýst reynslu þýðandans af vinnu með texta í skáldsögu þar sem tungumálið er notað á einkar skapandi hátt. Orðaleikir og nýyrðasköpun eru með fjölbreyttasta móti í skáldsögunni *101 Reykjavík* og þess vegna þarf að beita ólíkum þýðingaraðferðum við lausn þeirra; sumar þeirra tengjast merkingu orðanna en aðrar hljómi þeirra. Höfundur þessarar greinar gerir þó ekki kröfu til þess að finna allsherjarlausn á því hvernig skal þýða bókmenntaverk af þessu tagi. Tungumálaleikir í fagurbókmenntum geta verið afar margbreytilegir og e.t.v. þarf alltaf að leita að nýjum lausnum í hverju tilteknu tilviki.

Um Wang Wei

Wang Wei 王維 (701–761 e.Kr.) er eitt af helstu skáldum Tang-tímans. Hann var af aðalsættum og þótti vera ímynd hins húmaníska fræðimanns. Fyrri hluta ævinnar varði hann í dygga þjónustu við keisaraveldið en gat sér einnig gott orð sem pipa 琵琶leikari (pipa er fjögurra strengja kínversk lúta), ljóð-skáld og listmálari. Á efri árum og einkum eftir hremmingar An-Shi-uppreisnarinnar (安史之亂 755–763) dró hann sig í hlé frá stjórnsýslu og helgaði sig listum og sjálfsrækt að búddískum sið sem hann hafði alla tíð hrifist að. Ekkert af málverkum hans hefur varðveist en þrátt fyrir það er hann talinn upphafsmaður svokallaðs Suðurhefðar-skóla í kínverskri listasögu 南宗畫之祖.

Eftir Wang Wei liggja um 370 ljóð. Hann var fyrst og fremst þekktur sem náttúruskáld og ljóð hans eru gjarnan látlaus og myndræn á yfirborðinu en búa yfir meiri dýpt og margbrotnari formgerð en virðist við fyrstu sýn. Um ljóð hans hefur verið sagt að þau lýsi feegurð náttúrunnar, en dragi einnig í efa endanlegan veruleika hennar. Óræðar og hrífandi náttúrumyndir einkenna ljóð hans en ef grannt er gáð, þá leynir sér ekki að nærvera skáldsins og mannheima er jafnan meginkjarni ljóðanna. Um samband ljóðlistar hans og málverka var einnig oft sagt að ljóð hans væru jafn myndræn og málverkin hans ljóðræn.

Dádýrsgerði¹

Eyðifjall, engan að sjá, aðeins ómur radda.
Geislar kvöldsólar smjúga djúpt inn í skóginn og glampa á
grænum mosanum.

《鹿柴》

空山不見人，但聞人語響；返景入深林，復照青苔上。

Jón Egill Eyþórsson þýddi úr fornkínversku

¹ Dádýrsgerði er örnefni. Að sjá engan á ferð en heyra óm radda endurspeglar hverfulleika mannheima sem skáldið dregur fram með einfaldri og kyrrri náttúrumynd.

Xiang-ji-hof (hof vaxandi ilms) sótt heim¹

Ég veit ekki hvar hofið er en klifið hef ég ófáa skýjum krýnda tinda.

Ævafornt rétt, hér er enginn á ferð, og í djúpinu óma bjöllur.

Lækur gjálfrar við eggjagrjót undir húmgráum skuggum furutrjáa.

Í rökrinu við hylinn, í hljóðri setu, vinn ég bug á eiturnöðrum.

《過香積寺》

不知香積寺，數里入雲峰。古木無人徑，深山何處鐘。
泉聲咽危石，日色冷青松。薄暮空潭曲，安禪制毒龍。

Jón Egill Eyþórsson þýddi úr fornkínversku

1 Ljóðin eru þýdd eftir texta í: Chen Shuyuan, ritstj., Zhongguo Gudian Shici Shangdu Congshu: Wang Wei, Wuzhou- forlagið, Peking, 2005, Xiang-ji-hof bls. 117, Dádýrsgerði bls. 79 (中国古典诗词精品赏读丛书: 王维 / 陈殊原编著 北京: 五洲传播出版社, 2005). Nafn hofsins Xiang-ji 香積 (uppsafnaður og vaxandi ilmur) kemur úr Vimalakirti-sútrunni 維摩經. Sútra þessi var Wang Wei svo kær að hann tók sér skáldanafnið Mojie Jushi 摩詰居士 sem gerði honum kleift að mynda úr því og eigin nafni sínu nafn sútrunnar (á kínversku Weimojiejing 維摩詰經). Xiang-ji 香積 er nafn á Búddha sem dvelur á ódáinsakri meðal herskara angandi Bodhisattva. Á Tang 唐 tímanum stóð hof með þessu nafni í fjallendi nálægt höfuðborginni Chang An 長安. Það hefur verið endurreist nokkrum sinnum. Í seinustu línunni vísar hljóð seta til zen-hugleiðslu og eiturnöðrur vísa til ókyrrðar auðginnis hugans.

Um Aleksander Púshkín (1799–1837) og „Stöðvarstjóran“ (1830)

Aleksander Púshkín nýtur þess heiðurs að vera nefndur þjóðskáld Rússa. Hans er fyrst og fremst minnst sem ljóðskálds í heimalandi sínu en á síðari hluta höfundarferilsins jókst áhugi hans á prósaskrifum og sendi hann frá sér nokkrar smásögur og sögulegar skáldsögur. Ofmælt er að segja að Púshkín sé upphafsmaður rússneskra bókmennta en þó er framlag hans til þeirra af slíkri stærðargráðu að hann má án efa telja föður nútímabókmennta í heimalandi sínu og verk hans, bæði í bundnu og óbundnu máli, höfðu óafmáanleg áhrif á þróun rússneskra bókmennta. Púshkín réðst djarfur til verka á þeim ökrum sem á vegi hans urðu, plægðum jafnt sem óplægðum. Hann vann á sjálfstæðan hátt úr þjóðsagna- og ævintýraarfi Rússlands, sögulegum efnum og erlendum fyrirmyndum. Raunsæi og rómantík, ástir og afbrýði, sálfræði og eðli manneskjunnar, svik og dauði, handanlífið og bókmenntirnar sjálfar – allt á þetta sinn sess í verkum þessa merka höfundar. Að auki veltir hann fyrir sér málefnum líðandi stundar, stöðu ólíkra stétta og hlutverki skáldsins gagnvart listinni, þjóðinni og keisaranum, svo eitthvað sé nefnt.

Skáldverk Púshkíns hafa fram til þessa dags verið óþrjótandi innblástur nýrra verka, hvort heldur sem er á sviði tónlistar, leikritunar, mynd- og kvikmyndalistar eða bókmennta. Rússnesk 19. aldar tónskáld sem byggðu á verkum Púshkíns hafa borið hróður hans um veröld víða og má þar nefna óperurnar *Jevgení Onegín* (1879) og *Spaðadrottninguna* (1890) eftir Pjotr Tsjakovskí, og *Borís Godúnov* (1874) eftir Modest Músorgskí, auk fjölda sönglaga og rómansa.

Eftir því sem Púshkín náði meiri þroska sem ljóðskáld varð þróinn, þróun hans og möguleikar, honum æ hugleiknari. Af sögum hans er „Spaðadrottningin“¹ (1833) líklega þekktust en sögurnar fimm í smásagnasafninu *Sögur Belkíns* hafa einnig notið mikilla vinsælda. „Stöðvarstjórinn“ (rússn. „Станционный смотритель“), sem nú birtist í fyrsta sinn á íslensku, er ein þessara sagna sem skáldið skrifaði haustið 1830 í Boldino og gaf út sama ár.²

Sagan gerist fyrir tíma lestarferða og því ferðast menn á hestvögnum. Net póststöðva var um landið og þar réðu ríkjum embættismenn af stétt stöðvarstjóra. Hlutverk þeirra var m.a. að taka við þreyttum ferðalöngum og setja hesta þeirra á hús og fóður í skiptum fyrir óþreytta hesta. Staða og embætti þeirra sem á ferð voru sagði til um hve marga hesta þeir áttu að fá á hverri stöð. Allt var þetta skráð í sérstaka ferðapappíra og ferðabók sem hver og einn hafði meðferðis. Líkt og fram kemur í sögunni gat gengið á ýmsu, veðrið var oft vont og vegirnir enn verri, þjónustan misgóð og ekki alltaf öruggt að ferðalangar gætu gengið að óþreyttum hestum. Stöðvarstjórnir máttu oft þola skammir og ruddaskap um leið og þeir reyndu að halda í þau völd sem þeir þó höfðu.

Stöðvarstjórnir sátu í 14. og neðsta þrepi svokallaðs Virðingarstiga, sem var embættismannakerfi sem Pétur I. kom á fót árið 1720. Þetta kerfi, með tilheyrandi titlatogi, ósanngirni, smjaðri, mikilmennskutilburðum og undirlægjuhætti, átti eftir að verða frjór jarðvegur fyrir rithöfunda í Rússlandi. Um leið og Púshkín snýr hér með óvæntum hætti út úr þemanu um fátæku stúlkuna, sem dregin er á talar af háttsettu glæsimenni og skilin eftir svikin og niðurlægð, leiðir hann fram nýja hetju í líki Samsons Vírín – afurð Virðingarstigans – sem átti eftir að geta af sér heimsþekktu eftirmenn. Þar má helsta nefna Akakí Akakíjevíts, aðalpersónu Níkolajs Gogol í „Kápunni“ (1841), og Makar Devúshkín, söguhetju Dostojevskís í skáldsögunni *Fátækt fólk* (1846). Allar þessar

1 „Spaðadrottningin“ hefur oftast en einu sinni verið prentuð á íslensku. Úr frummálinu var sagan ekki þýdd fyrr en 2017 og birtist þá ásamt fleiri þýðingum Áslaugar Agnarsdóttur úr rússnesku í bókinni *Sögur frá Rússlandi*, sem Uglya gaf út árið 2017.

2 Um þýðingasögu sagnanna í safninu *Sögur Belkíns*, og um safnið sjálft, má lesa í: Rebekka Þráinsdóttir: „Um Alexander Púshkín og Sögur Belkíns“, *Milli mála* 6/2014, bls. 135–140. Í sama hefti birtust í fyrsta sinn þýðingar á tveimur sagnanna úr frummálinu; „Skotið“ og „Líkkistusmiðurinn“.

persónur tilheyra þeirri manngerð rússneskra bókmennta sem kölluð hefur verið „litli maðurinn“. Litli maðurinn gegnir lágu embætti, gjarnan í neðstu þrepum Virðingarstigans. Hann sinnir starfi sínu af alúð og leitast við að skapa sér sæmilegt líf þrátt fyrir lítil efni. Hann er á undarlegan hátt ógæfusamur, vanmáttugur og lítill í sér og þegar í harðbakkann slær er þessari manngerð flest mótdrægt: ruddaskapur annarra, niðurlægingin og kerfið allt, og enginn og ekkert kemur honum til hjálpar. Þegar hann reynir að andmæla er það dæmt til að mistakast; litla manninn skortir sjálfstraust, vald og bakland til að fá sínu framgengt. Hann hopar, missir fótanna og hverfur af sjónarsviðinu, en öðlast um leið eilíft líf í hugum lesenda og þar með bókmenntanna.

Stöðvarstjórinn¹

*Kammerskrifari á póststöðinni,
einvaldur í höllu sinni²
Vjazemskí fursti*

Hver hefur ekki formælt stöðvarstjórum eða rifist við þá? Hver hefur ekki í bræðiskasti heimað af þeim þessa bölvuðu bók og skrifað í hana tilgangslausa kvörtun vegna yfirgangs, rudda-skapar og ósanngirni? Hver hefur ekki sett þá á bás með úrhrökum mannkyns, svipuðum hinum gömlu miðaldaskriffinum eða í það minnsta ræningjunum frá Múrom?³ Við skulum þó gæta sanngirni, reyna að setja okkur í spor þeirra, og þá verðum við ef til vill tals-vert mildari í dómum okkar. Hvað er stöðvarstjóri? Raunverulegur píslarvottur í fjórtánda þrepi Virðingarstigans sem verndar hann eingöngu fyrir barsmíðum, en dugar þó ekki alltaf til (ég höfða til samvisku lesenda minna). Hverjar eru skyldur þessa einvalds, eins og Vjazemskí kallar hann í glensi? Er starf hans ekki sann-

- 1 Þýtt eftir texta í: A. C. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, 3. útg., 6. bindi, Moskva: Наука, 1964, bls. 129–144.
- 2 Kammerskrifari er embættismaður í 14. og neðsta þrepi Virðingarstigans – embættismannakerfi sem Pétur I. kom á fót 1722. Stöðvarstjóri, eins og sá sem hér verður sagt frá, er í 14. þrepi og hefur kammerskrifaritign. Pjotr Andrejevítj Vjazemskí (1792–1878) fursti var ljóðskáld og göðvinur Púshkíns. Hér snýr Púshkín örlítið út úr ljóðlínum vinar síns í ljóðinu „Станция“ („Stöðin“) til að koma að orðinu „kammerskrifari“.
- 3 Vísað er til embættismannastéttar, *podjatsjít* (rússn. подьячий), frá tímum Moskvu-Rússlands, sem var þekkt fyrir mútupægni og óheiðarleika. Múrom er bær við bakka Ok-árinna, eitt elsta þéttbýli í Rússlandi og heimabær aðalpersónu rússneskra kappakvæða, sem kölluð eru *bíllínur* (rússn. *былины*), Ílja Múromets, eða Ílja frá Múrom. Í skógunum þar um kring höfðust fyrr á öldum við bófaflokkar. Skýringar eru að mestu gerðar eftir A. C. Пушкин, *Повести покойного Ивана Петровича Белкина*. A. S. Pushkin, *Tales of the late Ivan Petrovich Belkin*, ritstjóri og höfundur inngangs, eftirmála, skýringa og orðabókar, Norman Henley, Letchworth, Hertfordshire: Bradda Books Ltd., 1965, bls. 116–117.

kallaður þrældómur? Ónæði jafnt á nóttu sem degi. Ferðalangurinn tekur alla gremjuna, sem hlaðist hefur upp á lýjandi ferðalagi, út á stöðvarstjóranum. Óbærilegt veður, lélegir vegir, þrjóskur ekill, latir hestar – allt er það stöðvarstjóranum að kenna. Ferðalangur sem gengur inn í fátæklegar vistarverur stöðvarstjóra, lítur gjarnan á hann sem óvin, og stöðvarstjórinn má teljast heppinn ef hann losnar fljótt við hinn óboðna gest. En hvað ef engir hestar skyldu nú vera til taks? ... Guð minn góður! Hvílíkar skammir, hvílíkar hótanir sem hann þá fær yfir sig! Í rigningu og slyddu verður að hlaupa á milli húsa og í stormi og nístingsfrostri fer hann út á veröndina til að hvíla sig, þó ekki sé nema stundarkorn, á fyrirgangi og hrópum í geðvondum gesti. Hershöfðingja ber að garði; stöðvarstjórinn lætur hann skjálfandi hafa tvö síðustu þríeykin, líka það sem ætlað er hraðboðanum. Hershöfðinginn fer sína leið án þess að þakka fyrir sig. Fimm mínútum síðar klingir í bjöllum! ... og inn kemur sérlegur sendiboði sem fleygir ferðaskjölum sínum á borðið! Ef við skoðum málið frá öllum hliðum, fyllist hjarta okkar einlægri meðaumkun í stað gremju. Örfá orð í viðbót: í tuttugu ár hef ég ferðast um Rússland þvert og endilangt; ég þekki nánast hvern einasta veg; ég hef kynnst nokkrum kynslóðum póstekla; þeir eru fáir stöðvarstjórnir sem ég þekki ekki í sjón, og fáir sem ég hef ekki átt viðskipti við. Þær athuganir sem ég hef gert á ferðum mínum hafa leitt mig að áhugaverðum niðurstöðum, sem ég vonast til að birta á prenti innan skamms; þangað til læt ég nægja að segja, að sú mynd sem almenningur hefur af stétt stöðvarstjóra er alröng. Stöðvarstjórar, sem hafa verið rægðir svo rækilega, eru í raun friðsemdarfólk, greiðviknir frá náttúrunnar hendi, mannblendnir, lítillátir þegar kemur að vegtyllum og ekki úr hófi fégráðugir. Í samtölum við stöðvarstjóra (sem ferðalangar úr röðum heldri manna hafa svo ranglega lítilsvirt) kemur margt fram sem er fróðlegt og upplýsandi. Hvað mig varðar, þá viðurkenni ég að ég tek slík samtöl fram yfir hjalið í einhverjum embættismanninum í sjötta þrepi, sem er á ferð í ríkiserindum.

Auðvelt er að geta sér þess til að ég eigi kunningja í hinni æruverðugu stétt stöðvarstjóra. Reyndar er minningin um einn þeirra mér afar dýrmæt. Atvikin leiddu okkur eitt sinn saman og um þennan mann ætla ég nú að ræða við mína kæru lesendur.

Árið 1816, í maímánuði, þurfti ég að fara um ***sýslu eftir vegi sem ekki er lengur í notkun. Ég gegndi þá lágrí stöðu og hafði risnu sem dugði aðeins fyrir tveimur hestum milli póststöðva. Af þessum sökum voru stöðvarstjórnarnir ekkert að stjarna við mig, og ég þurfti gjarnan að beita höfðu til að fá það sem ég taldi að mér bæri. Þar eð ég var ungur og uppstökkur gramdist mér löðurmennska og heigulsháttur stöðvarstjóra sem lét herra settan herra hafa hesta sem mér höfðu verið ætlaðir. Ég var líka lengi að venjast því hvernig smásmugulegir skósveinar báru matarfatið fram hjá mér í hádegisverðarboðum hjá landstjórum. Núorðið sýnist mér hvort tveggja vera í samræmi við rétta skipan hlutanna. Og, já, hvernig ætli færi fyrir okkur ef í stað hinna almennu sanninda, *beiðra skaltu tign og titla*, yrðu tekin upp önnur, til dæmis: *beiðra skaltu vit og visku*? Hvílíkar deilur hefðu ekki sprottið af því! Og hverjum hefðu þjónarnir snúið sér að fyrst? En nú held ég áfram með frásögn mína.

Það var heitt í veðri þennan dag. Þremur röstum⁴ frá póststöðinni *** fór að dropa úr lofti, og eftir augnablik var komið úrhelli og ekki á mér þurr þráður. Þegar ég kom að póststöðinni var fyrsta hugsun mín sú að hafa fataskipti og síðan að biðja um te.

– Hó, Dúnja! kallaði stöðvarstjórinn, – hitaðu samóvarinn, já, og sæktu rjóma. Við þessi orð kom stúlka, um það bil fjórtán ára, fram fyrir skilrímið og hljóp út í skemmu. Ég varð agndofa yfir fegurð hennar.

– Er þetta dóttir þín? spurði ég stöðvarstjórnann.

– Já, þetta er dóttir mín, herra, svaraði hann með nokkru stolti, – og svona líka skynsöm og rösk, alveg eins og móðir hennar sálug.

Nú tók hann til við að skrá beiðni mína um nýja hesta, en ég fór að skoða myndir sem skreyttu fábreytt en snyrtileg híbýli hans. Myndirnar sýndu söguna um týnda soninn: á þeirri fyrstu var virðulegur gamall maður með nátthúfu og í morgunslopp að kveðja órólegan ungan mann sem í flýti tekur við blessun hans og peningapyngju. Á þeirri næstu var gjálífi unga mannsins dregið skýrum dráttum: hann situr til borðs, umkringdur fólkskum vinum og blygðunarlausum konum. Þá mátti sjá unga manninn, sem hefur sólundað öllum eigum sínum, í tötrum með þríhyrndan hatt, sitja

4 Röst, 1067 metrar, er lengdareining sem notuð var í Rússlandi fram á 19. öld.

yfir svinum og deila með þeim máltíð; andlit hans lýsir djúpri hryggð og iðrun. Á síðustu myndinni hefur hann snúið aftur heim til föðurins; aldrað góðmennið, sem enn er með sömu nátthúfuna og í sama morgunsloppnum, hleypur til móts við týnda soninn sem krýpur á hnjónum; í bakgrunni er matreiðslumaðurinn að slátra vel öldum kálfi og eldri bróðirinn spyr þjónustufólkið um tilefni þessa fögnuðar. Undir hverri mynd mátti lesa viðeigandi ljóð á þýsku. Allt hefur þetta varðveist í minni mínu fram á þennan dag, rétt eins og leirpottarnir með ilmsmyrslunum, rúmið með marglita fortjaldinu og aðrir hlutir sem voru þarna í kring. Ég sé ljóslifandi fyrir mér sjálfan húsbóndann, mann um fimmtugt, frískan og hraustlegan og síða, græna lafafrakkann hans með þremur orðum á upplituðum borðum.

Varla hafði ég náð að gera upp við gamla ekilinn minn þegar Dúnja kom með samóvarinn. Þessi litla daðurdrós var fljót að átta sig á þeim áhrifum sem útlit hennar hafði á mig. Hún hvarflaði niður stórum bláum augunum; ég fór að spjalla við hana og hún svaraði mér án nokkurrar feimni, eins og stúlka sem kynnst hefur heiminum. Ég bauð föður hennar upp á glas af púnsi; Dúnju gaf ég glas af tei, og við þrjú fórum að ræða saman eins og aldagamlir vinir.

Hestarnir voru löngu tilbúnir, en mig langaði ekki að segja skilið við stöðvarstjórann og dóttur hans. Að lokum kvaddi ég þau; faðirinn óskaði mér góðrar ferðar, en dóttirin fylgdi mér að vagninum. Á veröndinni staldraði ég við og spurði hvort ég mætti kyssa hana; Dúnja leyfði það ... Margir eru kossarnir sem talið ég get,

síðan iðju slíka stunda fór,⁵

en enginn hefur skilið eftir jafn langlífa og ánægjulega minningu.

Nokkur ár liðu og aftur lá leið mín um þennan veg, og á sömu slóðir. Ég minntist dóttur gamla stöðvarstjórans og gladdist yfir tilhugsuninni um að hitta hana aftur. En, hugsaði ég, kannski er einhver kominn í stað gamla stöðvarstjórans; líklega er Dúnja þegar

5 Svo virðist sem ekki sé vitað hvaðan þessi tilvitnun, ef um slíka er að ræða, er komin.

gift. Hugsunin um að annað þeirra væri fallið frá hvarflaði líka að mér og það setti að mér kvíða þegar ég nálgadist stöðina ***.

Hestarnir námu staðar við litla pósthúsið. Þegar ég kom inn í herbergið þekkti ég strax aftur myndirnar með sögunni af týnda syninum; borðið og rúmið stóðu á sama stað, en í gluggunum voru ekki lengur nein blóm og allt bar vott um niðurníðslu og hirðuleysi. Stöðvarstjórinn svaf undir gæruskinnsúlpu; koma mín vakti hann og hann stóð upp ... Þetta var sannarlega Samson Vyrín, en það sem hann hafði elst! Á meðan hann var að skrá beiðni mína um nýja hesta, virti ég fyrir mér gráar hærurnar, djúpar hrukkurnar í andlitinu, sem ekki hafði verið rakað lengi, bogið bakið – og undradist hvernig þrjú eða fjögur ár gátu breytt hraustum manni í örvasa gamalmenni.

– Þekkir þú mig ekki? spurði ég hann, – við erum gamlir kunningjar.

– Það má vera, svaraði hann snúðugt, – þetta er þjóðvegur; það hafa margir ferðalangar komið við hjá mér.

– Er hún Dúnja þín við góða heilsu? hélt ég áfram.

Gamli maðurinn yggldi sig.

– Það má Guð vita, svaraði hann.

– Jæja, hún er þá líklega gift? sagði ég.

Gamli maðurinn lét sem hann heyrði ekki spurninguna, og hélt áfram að lesa beiðnina í hálfum hljóðum. Ég spurði einskis frekar og bað um að láta setja upp ketilinn. Forvitnin var farin að angra mig og ég vonaði að púnsið myndi losa um málbeinið á mínum gamla kunningja.

Mér skjátlaðist ekki: gamli maðurinn hafnaði ekki glasinu sem ég bauð honum. Ég tók eftir því að rommið sló á geðvonsku hans. Á öðru glasi varð hann skrafhreifinn; mundi eða lét sem hann myndi eftir mér, og þá fékk ég að heyra frásögn sem vakti einlægan áhuga minn og snart mig djúpt.

– Svo þú þekktir hana Dúnju mína, byrjaði hann. – Hver þekkti hana ekki? Æ, Dúnja, Dúnja! Þvílík stúlka sem hún var! Það var sama hver kom hér við, allir hældu henni og enginn hallaði á hana orði. Frúrnar færðu henni gjafir, vasaklút eða eyrnalokka. Herramenn stoppuðu hér gagngert undir því yfirsikni að borða hádegisverð eða kvöldverð, en í raun og veru vildu þeir einungis

fá að horfa á hana aðeins lengur. Það var sama hversu reiður einhver herramaðurinn var, þá róaðist hann í návist hennar og gaf sig náðarsamlegast á tal við mig. Hugsíð yður, herra: hraðpóstar og sérlegir sendibóðar gáfu sér jafnvel tíma til að ræða við hana í heilan hálf tíma. Hún sá um allt húshaldið, að þrífa, elda og allt sem gera þurfti. En ég, gamli vitleysingurinn, þreyttist ekki á því að horfa á hana og dást að henni: Elskaði ég Dúnju mína ekki nóg, hlúði ég ekki nógu vel að barninu mínu, leið henni ekki vel? En nei, það er ekki hægt að sneiða hjá ógæfunni; það sem örlögin hafa ákveðið verður ekki umflúið.

Nú fór hann að segja mér í smáatriðum frá sorgum sínum. Eitt vetrarkvöld fyrir þremur árum, þegar stöðvarstjórinn var að línu-strika nýja pantanabók, en dóttir hans sat handan við skilrúmið og var að sauma kjól, renndi þríeyki í hlað. Ferðalangur með tsjerkessahúfu⁶, í hermannafrakka og vafinn í sjal, kom inn í herbergið og heimtaði hesta, en engir voru á lausu. Við þessar fréttir gerði ferðalangurinn sig líklegan til að hækka róminn og lyfta svipunni en Dúnja, sem var orðin vön svona uppákomum, kom hlaupandi fram fyrir skilrúmið og spurði ferðamanninn blíðlega hvort honum þóknaðist ekki að fá eitthvað að snæða? Nærvera Dúnju hafði sín vanalegu áhrif. Reiði ferðalangsins hjaðnaði; hann samþykkti að bíða eftir hestum og pantaði kvöldmat. Þegar hann hafði tekið ofan blauta og þvælda loðhúfuna, vafið af sér sjalið og svipt sér úr frakkanum, kom í ljós að hér var á ferð ungur og spengilegur húsari⁷ með snöggt svart yfirvaraskegg. Hann kom sér þægilega fyrir hjá stöðvarstjóranum og fór að spjalla glaðlega við hann og dóttur hans. Kvöldverður var borinn fram. Á meðan var komið með hesta og stöðvarstjórinn skipaði að þeir skyldu þegar í stað spenntir fyrir sleða ferðalangsins án þess að fá fóður. Þegar hann sneri aftur inn kom hann að unga manninum liggjandi nær meðvitundarlausum á bekknum; honum hafði farið að líða illa, hann var með höfuðverk, og gat engan veginn haldið ferðinni áfram. Hvað var til

6 Stór loðhúfa. Tsjerkessar eru þjóð í Norður-Kákasus.

7 Húsari (rússn. *гусар*) var liðsmaður í léttvopnuðu riddaraliði sem ekki var hluti af fastaher viðkomandi lands og á uppruna að rekja til Ungverjalands á 15. öld. Húsarar sinntu sérstökum verkefnum, t.d. eftirliti og landameravörslu. Klæðnaður þeirra þótti glæsilegur og þeir voru þekktir fyrir fjörukt skemmtanalíf.

ráða? Stöðvarstjórinn lét honum eftir rúm sitt og ákveðið var að ef heilsa sjúklingsins yrði ekki betri næsta dag, skyldi sent eftir lækni til S***.

Daginn eftir versnaði húsanum. Þjónninn hans fór ríðandi til þorpsins að sækja lækni. Dúnja vafði edikvættum klút um höfuð sjúklingsins og sat með saumaskap sinn við rúm hans. Sjúklingurinn stundi þegar stöðvarstjórinn var nærri og sagði varla aukatekið orð, en drakk þó tvo bolla af kaffi, stundi og pantaði sér málsverð. Dúnja vék ekki frá honum. Hann bað í sífellu um að drekka og Dúnja bar honum krús með límonaði sem hún hafði útbúið. Sjúklingurinn vætti varirnar og í hvert sinn sem hann skilaði krúsinni þrýsti hann af veikum mætti hönd Dúnju í þakklætiskyni. Þegar nær dró hádegi kom læknirinn. Hann tók púlsinn hjá sjúklingnum, talaði við hann á þýsku og tilkynnti síðan á rússnesku að hann þyrfti algera hvíld en gæti haldið ferðalaginu áfram eftir tvo daga. Húsarinn lét hann hafa tuttugu og fimm rúblur fyrir vitjunina og bauð honum að snæða með sér. Læknirinn þáði boðið og báðir borðuðu af bestu lyst, drukku flösku af víni og skildu sem mestu mátar.

Annar dagur leið og húsarinn náði sér að fullu. Hann var alveg sérdeilis kátur, og lét móðan mása ýmist við Dúnju eða stöðvarstjórann, blístraði lagstúfa, rabbaði við þá sem áttu leið hjá, skráði beiðnir þeirra í pantanabókina og á þriðja degi kunni stöðvarstjórinn orðið svo vel við hann að honum þótti leitt að þurfa að skilja við sinn elskulega gest. Það var sunnudagur og Dúnja var á leið til kirkju. Komið var með sleða húsarans. Hann kvaddi stöðvarstjórann, launaði honum rausnarlega fyrir vistina og viðurgerninginn; hann kvaddi líka Dúnju og bauðst til að aka henni til kirkjunnar, sem var í útjaðri þorpsins. Dúnja stóð kyrr og var rávillt á svip ...

– Við hvað ertu hrædd? sagði faðir hennar, – hans tign er ekki úlfur og hann étur þig ekki: aktu með honum til kirkjunnar.

Dúnja settist upp í sleðann við hlið húsarans, þjónninn stökk upp í ekilssætið, ekillinn blístraði og hestarnir sprettu úr spori.

Vesalings stöðvarstjórinn skildi ekki hvernig hann hafði getað leyft Dúnju að fara með húsanum, hvernig á því stóð að hann hafði verið svona blindur og hvað hafði orðið um skynsemi hans. Ekki var

liðin hálf klukkustund þegar hann fékk sting í hjartað og varð svo órólegur að hann réð ekki við sig og fór sjálfur til messunnar. Þegar hann nálgadist kirkjuna sá hann að fólk var farið að tínast heim en Dúnja var hvorki í garðinum né anddyri kirkjunnar. Hann hraðaði sér inn í kirkjuna: presturinn var á leið niður frá altarinu, djákninn var að slökkva á kertunum, tvær gamlar konur voru enn að biðjast fyrir í einu horninu, en Dúnju var hvergi að sjá. Með erfiðismunum spurði vesalings faðirinn djáknann hvort hún hefði verið í messunni. Djákninn sagði að svo hefði ekki verið. Stöðvarstjórinn fór heim og vissi hvorki í þennan heim né annan. Hans eina von var að Dúnja hefði kannski, vegna lausungar æskunnar, fengið þá hugmynd að fara að næstu póststöð, þar sem guðmóðir hennar bjó. Fullur angistar beið hann þess að þríeykið sem flutti hana burt sneri aftur. Ekallinn hafði enn ekki skilað sér heim. Um kvöldið kom hann loks, aleinn og drukkinn, með hörmuleg tíðindi: Dúnja hafði haldið áfram frá næstu stöð með húsaranum.

Þetta reið gamla manninum nánast að fullu; hann lagðist samstundis í rúmið, þar sem ungi svikarinn hafði legið kvöldið áður. Stöðvarstjórinn áttaði sig nú á því þegar hann fór yfir málsatvik, að veikindi húsarans höfðu verið uppgerðin ein. Vesalings maðurinn fékk heiftarlega hitasótt; hann var fluttur til S*** og annar stöðvarstjóri var skipaður tímabundið í hans stað. Sami læknirinn og hafði vitjað húsarans annaðist hann einnig. Hann sannfærði stöðvarstjóran um að ungi maðurinn hefði verið fullkomlega heilbrigður og að hann hefði strax getið sér til um hans vafasömu áform, en þagað af hræðslu við svipu hans. Hvort sem Þjóðverjinn sagði satt eða vildi bara hæla sér af innsæi sínu, róaði hann síður en svo vesalings sjúklinginn. Stöðvarstjórinn hafði varla náð sér af veikindunum þegar hann sótti um tveggja mánaða leyfi hjá póstmeistararanum í S***, og án þess að segja orð um fyrirætlanir sínar við nokkurn mann, lagði hann fótgangandi af stað á eftir dóttur sinni. Í pantanabókinni komst hann að því að húsarinn, kaftinn Mínski, hafði verið á leið frá Smolensk til Pétursborgar. Ekallinn, sem hafði ekið honum, sagði frá því að Dúnja hefði grátið alla leiðina, þrátt fyrir að svo virtist sem hún hefði farið af fúsum og frjálsum vilja. „Kannski,“ hugsaði stöðvarstjórinn, „kem ég heim með týnda lambið mitt.“ Í þessum hugleiðingum kom hann til Pétursborgar

þar sem hann gisti hjá gömlum starfsbróður, fyrrverandi undirforingja, í Ízmajlovksí-hverfinu og hóf eftirgrennslna sína. Fljótlega komst hann að því að kaftinn Mínskí væri í borginni og byggi á Demútov-hótelinu. Stöðvarstjórinn ákvað að fara til hans.

Snemma morguns kom hann í forstofu hans og bað um að hans tign yrði tilkynnt að gamall hermaður óskaði eftir að fá að hitta hann. Herþjónninn, sem var að pússa stígvél, tilkynnti að herrann væri að hvíla sig og tæki ekki á móti neinum fyrir klukkan ellefu. Stöðvarstjórinn hvarf á braut og sneri aftur á tilsettum tíma. Mínskí kom sjálfur til dyra í slopp og með rauða kollhúfu.

– Hvað er þér á höndum, vinur? spurði hann.

Hjarta gamla mannsins barðist um, augun fylltust af tárur, og skjálfandi röddu sagði hann aðeins:

– Yðar tign! ... sýnið mér þá kristilegu miskunnsemi ...

Mínskí leit snögg á hann og stökkroðnaði, tók svo í hönd hans, leiddi hann inn á skrifstofu sína og lokaði á eftir sér dyrunum.

– Yðar tign! hélt gamli maðurinn áfram, – ekki tjáir að sýta hið liðna; látið mig í það minnsta hafa vesalings Dúnju mína aftur. Þér hafið jú fengið að gamna yður með henni, en ekki tortíma henni að óþörfu.

– Gert er gert og verður ekki aftur tekið, sagði ungi maðurinn í algeru fátí, – ég er sekur frammi fyrir þér og það gleður mig að geta beðið um fyrirgefningu þína, en láttu þér ekki detta í hug að ég yfirgefi Dúnju: hún verður hamingjusöm, því lofa ég þér. Hvaða gagn hefur þú af henni? Hún elskar mig og hefur vanist nýjum lifnaðarháttum. Hvorugt ykkar gæti gleymt því sem gerðist.

Síðan stakk hann einhverju upp í ermina á stöðvarstjóranum, opnaði dyrnar, og allt í einu var gamli maðurinn, án þess að skilja sjálfur hvernig það gerðist, staddur úti á götu.

Hann stóð lengi hreyfingarlaus en kom loks auga á peningavöndul undir uppabrotinu á jakkaerminni; hann dró vöndulinn fram og rúllaði sundur nokkrum þvældum fimmtíu rúblna seðlum. Aftur fylltust augun tárur; það voru gremjutár. Hann vöðlaði seðlunum saman, kastaði þeim í götuna, tróð á þeim með hælum og gekk burt ... Þegar hann hafði gengið nokkur skref nam hann staðar, hugsaði sig um ... og sneri við ... en seðlarnir voru horfnir. Vel klæddur ungur maður hljóp í átt að leiguvagni þegar hann kom

auga á stöðvarstjórann, settist hratt upp í vagninn og hrópaði: „Af stað!“ Stöðvarstjórinn fór ekki á eftir honum. Hann ákvað að halda heim á póststöðina sína en vildi fyrst, þó ekki væri nema einu sinni, fá að sjá vesalings Dúnju sína. Í þeim tilgangi sneri hann aftur til Mínskís tveimur dögum síðar, en herþjónninn sagði honum þurrlega að herrann tæki ekki á móti neinum, og stjakaði honum með þöndu brjosti út úr forstofunni og skellti hurðinni á nefið á honum. Stöðvarstjórinn stóð lengi og beið – en hvarf síðan á braut.

Að kvöldi þessa sama dags, er hann hafði hlýtt á messu í Frúarkirkjunni, var stöðvarstjórinn á gangi eftir Lítejnistræti þegar skrautlegur léttivagn rann fram hjá honum. Stöðvarstjórinn sá að þar var Mínski á ferð. Vagninn staðnæmdist beint fyrir framan innganginn á þriggja hæða húsi og húsarinn hljóp upp tröppurnar. Nú var ég heppinn, hugsaði stöðvarstjórinn. Hann sneri við og gekk upp að hlið ekilsins:

– Hver á þessa hesta, félagi? spurði hann, – það er þó ekki Mínski?

– Jú, einmitt, svaraði ekillinginn, – hvað er þér á höndum?

– Jú, þannig er að húsbóndi þinn fól mér að færa Dúnju sinni skilaboð en ég er búinn að gleyma hvar hún Dúnja hans býr.

– Hún býr einmitt hérna, á annarri hæð. Þú ert of seinn, félagi, með skilaboðin þín; hann er hjá henni núna.

– Skiptir engu, svaraði stöðvarstjórinn og var mikið niðri fyrir, – takk fyrir ábendinguna, en ég verð að standa skil á mínu. Að því búnu fór hann upp stigann.

Dyrnar voru læstar; hann hringdi, nokkrar sekúndur liðu í þrúgandi eftirvæntingu. Það skrölta í lykli og dyrunum var lokið upp.

– Býr hún Avdotja⁸ Samsonovna hér? spurði hann.

– Já, svaraði ung þjónustustúlka. – Hvað vilt þú henni?

Stöðvarstjórinn svaraði ekki og gekk inn í forstofuna.

– Nei, ekki! hrópaði þjónustustúlkan á eftir honum, – það eru gestir hjá Avdotju Samsonovnu.

En stöðvarstjórinn skeytti ekki um orð hennar og hélt áfram. Dimmt var í tveimur fremri herbergjunum, í því þriðja logaði ljós.

8 Avdotja er alþýðleg útgáfa af kvenmannsnafninu Jevdokía, sem er eiginnafn Dúnju.

Hann gekk að opnum dyrunum og staðnæmdist. Í herberginu, sem var fagurlega skreytt, sat Mínskí þungt hugsí. Dúnja, sem klædd var samkvæmt nýjustu tísku, sat á stólarminum hjá honum, eins og reiðkona í enskum söðli. Hún horfði blíðlega á hann og vafði svörtum lokkum hans um glitrandi fingur sína. Vesalings stöðvarstjórinn! Aldrei hafði honum virst dóttir sín svo glæsileg; hann gat ekki annað en dáðst að henni.

– Hver er þar? spurði hún án þess að líta upp.

Hann þagði. Þegar Dúnja fékk ekkert svar, leit hún upp ... og féll með ópi á gólfteppið. Mínskí varð hræddur og ætlaði að hjálpa henni á fætur en um leið og hann sá gamla stöðvarstjóran í dyrunum lét hann Dúnju eiga sig og gekk til hans nötrandi af reiði.

– Hvað vilt þú eiginlega? sagði hann samanbitnum tönnum, – hvað á það þýða að elta mig svona eins og glæpamaður? Ætlaðu kannski að stinga mig á hol? Komdu þér út! Hann þreif kröftuglega í hálsmál hans og hrinti honum út á stigapallinn.

Gamli maðurinn fór heim í íbúð sína. Félagi hans ráðlagði honum að leggja fram formlega kvörtun, en þegar hann hafði hugsaði sig um ákvað stöðvarstjórinn að láta kyrrt liggja og gera ekkert frekar í málinu. Tveimur dögum síðar yfirgaf hann Pétursborg og tók aftur til við sín fyrri störf á póststöðinni.

– Nú hef ég verið án Dúnju í þrjú ár, og ekkert hefur til hennar spurst. Guð einn veit hvort hún er á lífi eða ekki. Allt getur gerst. Hún er ekki sú fyrsta og ekki sú síðasta sem flannalegur ferðalangur dregur á talar, hefur á brott með sér, heldur hjá sér og kastar svo burt. Þær eru margar, ungu stelpukjánarnir, sem einn daginn klæðast satíni og flauelsklæðum en slæpast um göturnar ásamt kráarskrílnum þann næsta. Þegar ég hugsa til þess að þannig geti verið komið fyrir Dúnju, þá sækir ósjálfrátt að mér sú syndsamlega hugsun að hún væri betur komin í gröfinni ...

Þannig var saga kunningja míns, gamla stöðvarstjórans, saga sem margsinnis var rofin af tárur, sem hann þurrkaði með myndrænum hætti með jakkaerminni, eins og hinn kappsami Terentítsj í ballöðunni dásamlegu eftir Dmítríjev.⁹ Tár þessi voru að nokkru leyti tilkomin vegna þunsins, sem hann hafði drukkið svo mikið

9 Ívan Ívanovítsj Dmítríjev (1760–1837) var ljóðskáld og gegndi um tíma stöðu dómsmálaráðherra. Terentítsj er persóna í ballöðu Dmítríjevs, „Skopmynd“ (rússn. „Карикатура“).

sem fimm glös af meðan á frásögninni stóð. Hvað sem því leið, þá snertu tár hans mig djúpt. Þegar ég hafði kvatt stöðvarstjórann var mér ómögulegt að gleyma honum, og ég hugsaði stöðugt um vesa-lings Dúnju ...

Ekki alls fyrir löngu, þegar ég var á ferð í gegnum plássið ***, mundi ég eftir mínum gamla kunningja; ég komst að því að stöðin, sem hann hafði stjórnað, var ekki lengur starfrækt. Spurningu minni um það hvort gamli stöðvarstjórinn væri enn á lífi gat enginn svarað með vissu. Ég ákvað að heimsækja þennan gamalkunna stað, leigði hesta og hélt af stað í þorpið N.

Þetta var um haust. Gráleit ský þöktu himininn; kaldur vindur blés frá slegnum ökrunum og bar með sér rauð og gul lauf trjána sem hann fór hjá. Ég kom í þorp stöðvarstjórans um sólsetur og staðnæmdist hjá litlu póststöðinni. Út á veröndina (þar sem vesa-lings Dúnja hafði eitt sinn kysst mig) kom feitlagin kerling, sem sagði mér að gamli stöðvarstjórinn hefði látist fyrir um réttu ári, að ölgerðarmaður hefði sest að í húsi hans, og að hún væri kona hans. Ég fór að sjá eftir að hafa farið í þessa óþörfu ferð og þeim sjö rúblum sem ég hafði eytt til einskis.

- Úr hverju dó hann? spurði ég konu ölgerðarmannsins.
- Hann drakk sig í hel, herra, svaraði hún.
- En hvar var hann jarðaður?
- Í útjaðri þorpsins, við hlið eiginkonu sinnar sálugu.
- Það er líklega ekki hægt að fara með mig að gróf hans?
- Hvers vegna ætti það ekki að vera hægt? Halló, Vanka! Þú ert búinn að ærslast við köttinn nógu lengi. Fylgdu herranum í kirkju-garðinn og sýndu honum gróf stöðvarstjórans.

Í sama mund kom tötralegur, rauðhærður og eineygður strákur hlaupandi og fylgdi mér tafarlaust að útjaðri þorpsins.

- Þekktir þú hinn látna? spurði ég hann á leiðinni.
- Það er nú líkast til! Hann kenndi mér að skera út flautur. Þegar hann (Guð veri sál hans náðugur!) var að koma af kránni eltum við hann og hrópuðum: „Afi, afi! Gefðu okkur hnetur!“ og hann gaf okkur hnetur. Hann var alltaf að leika við okkur.

- En muna ferðalangar eftir honum?
- Ja, það koma fáir ferðalangar hér við núorðið; meðdómarinn kemur hér af og til, en hann hefur engan áhuga á þeim dauðu. Í

sumar átti hefðardama leið hér um, og hún spurði sko um gamla stöðvarstjórann og fór að gröf hans.

– Hvaða hefðardama? spurði ég forvitinn.

– Hún var dásamleg, svaraði strákhnokkinn, – hún ók um í vagni með sex hestum fyrir, og með henni voru þrír drengir, barnfóstra og svartur kjölturakki. Þegar henni var sagt að gamli stöðvarstjórinn væri dáiinn, þá fór hún að gráta og sagði við drengina: „Þið sitjið stilltir hérna, á meðan ég fer í kirkjugarðinn.“ Ég bauðst til að fylgja henni, en hún sagði: „Ég rata sjálf.“ Og hún gaf mér fimm kópeka silfurpening – hún var svo góð, þessi hefðardama!

Við komum í kirkjugarðinn, eyðilegan stað og berangurslegan, þar sem var aragrúi trékrossa sem ekki höfðu skjól af einu einasta tré. Ég hafði aldrei séð jafn dapurlegan kirkjugarð.

– Þarna er gröf gamla stöðvarstjórans, sagði drengurinn og stökk upp á sandhrúgu, þar sem stungið hafði verið niður svörtum krossi með koparmynd.

– Og kom hefðardaman hingað? spurði ég.

– Já, hún kom hingað, svaraði Vanka, – ég fylgdist með henni úr fjarlægð. Hún lagðist hérna og lá lengi. Og svo fór hún til þorpsins og kallaði til prestinn, lét hann hafa peninga og ók burt, en mér gaf hún fimm kópeka pening úr silfri – hún var svo indæl!

Ég gaf strákhnokkanum líka fimm kópeka pening og sá ekki lengur eftir ferðinni eða rúblunum sjö sem ég hafði eytt.

Rebekka Þráinsdóttir þýddi úr rússnesku

Um Varlam Shalamov

Varlam Tíkhonovítsj Shalamov fæddist 18. júní 1907 í bænum Vologda í Vologda-héraði. Hann sat lengi í fangabúðum Stalíns í Síberíu og er þekktastur fyrir fjölmargar smásögur sem lýsa lífinu þar og birtust undir heitinu Kolymskíje rasskazy (Sögur frá Kolyma).

Shalamov ólst upp á menningarheimili. Faðir hans var prestur í grísk-kaþólsku kirkjunni og móðir hans var kennari. Faðirinn hafði orð á sér fyrir að vera frjálslyndur en þótti strangur heima fyrir. Eftir hefðbundna skólagöngu í heimabæ sínum fór Shalamov til Moskvu árið 1924 þar sem hann fékk vinnu á sútunarverkstæði. Tveimur árum síðar fékk hann inngöngu í lagadeild Ríkisháskóla Moskvu og fljótlega gekk hann til liðs við unga trotskíista. Hann var handtekinn strax á öðru skólaári sínu þegar hann var staðinn að því að prenta ólöglegt dreifibréf¹ og sakaður um andbyltingarstarfsemi. Dómurinn hljóðaði upp á þriggja ára betrunarvinnu. Árið 1932 var Shalamov kominn til Moskvu aftur og starfaði þá sem blaðamaður um árabíl. Á þessum árum byrjaði hann að semja bæði smásögur og ljóð þótt hann hafi ekki enn verið farinn að skrifa um vistina í fangabúðunum. Árið 1937, þegar hreinsanir Stalíns voru í hámarki, var hann handtekinn á ný og aftur sakaður um andbyltingarstarfsemi. Nú hlaut hann fimm ára dóm en átti raunar eftir að dvelja í fangabúðum í sautján ár samtals, því 1943 var hann ákærður enn á ný, m.a. fyrir að hafa tjáð sig lofsamlega um Nóbelsverðlaunahafann Ívan Búnín, en Búnín dvaldi þá í útlegð í París. Árið 1951 var

1 Bref Leníns til þingsins dagsett 25. desember 1922 þar sem hann gagnrýnir Stalín en hampar Trotskí. Í byrjun janúar lagði Lenín svo til að Stalín yrði settur af sem aðalritari flokksins þar sem hann væri of ruddalegur og valdasjúkur.

Shalamov sleppt úr fangabúðunum en gert að dvelja um skeið í Magadan, stærstu borginni í Kolyma. Eftir dauða Stalíns árið 1953 fékk hann leyfi til að flytja þaðan. Shalamov fékk uppreisn æru 1956 og jafnframt leyfi til að snúa aftur til Moskvu þar sem hann fór aftur að starfa sem blaðamaður.

Í Moskvu hóf Shalamov aftur að yrkja ljóð og semja sögur. Árin, sem hann eyddi í hinum óblíðu og miskunnarlausu þrælkunar-búðum Kolyma-héraðs í Síberíu, urðu honum nú að yrkisefni og hann samdi magnaðar frásagnir um lífið í búðunum. Það reyndist erfitt að fá sögurnar birtar en þær gengu manna á milli í samízdát-útgáfum.² Shalamov fékk samt útgefnar fimm ljóðabækur, m.a. *Ognivo* (Eldfæri) 1961, *Doroga í súdba* (Vegur og örlög) 1967 og *Moskovskije oblaka* (Ský yfir Moskvu) 1972.

Sögur Shalamovs birtust ekki á prenti í Rússlandi fyrr en mörgum árum síðar, enda bannaðar þar í landi langt fram á níunda áratug aldarinnar. Handritinu að *Sögunum frá Kolyma* var smyglað til Bandaríkjanna 1966 af Clarence Brown, prófessor við Princeton-háskóla. Í nokkur ár, 1970–1976, birtist saga eftir Shalamov í flestum heftum tímaritsins *New Review*, sem var gefið út af rússneskum inn-flytjendum í Bandaríkjunum. Það var Shalamov til nokkurs ama og snemma á áttunda áratugnum neyddist hann, orðinn heilsutæpur og háður greiðslum frá Rithöfundasambandi Sovétríkjanna, til að lýsa því yfir opinberlega, í bókmenntatímaritinu *Líteratúrnaja gazeta*, að hann hefði aldrei sent neitt efni til útlanda og að hann væri dyggur og trúr þegn Sovétríkjanna. Síðustu ár ævinnar átti Shalamov auma vist á dvalarheimili fyrir aldraða. Aðstæður þar voru síður en svo til fyrirmyndar og KGB hafði alla tíð auga með honum. Árið 1981 var hann svo úrskurðaður andlega sjúkur og í janúar 1982 var hann fluttur á geðsjúkrahús, nánast klæðlaus í miklum kulda, þar sem hann lést úr lungnabólgu þremur dögum síðar.

Heildarútgáfa sagnanna kom fyrst út á rússnesku í Lundúnum 1978. Til að vernda Shalamov tóku ritstjórnir fram að útgáfan væri án vitundar höfundarins. En í Sovétríkjunum var engin saga gefin út fyrr en árið 1988 þegar *perestrojka*, umbótaáætlun Míkhaíls Gorbatsjov, var farin að festa sig í sessi.

2 Samízdát þýðir bókstaflega sjálfsútgáfa. Meðan ströng ritskoðun gildi í Sovétríkjunum var algengt að verk rithöfunda væru prentuð eða fjölrituð ólöglega og þeim dreift leynilega til lesenda.

Sögurnar þykja minna að ýmsu leyti á smásögur Tsjechovs. Þær eru stuttar og fjalla yfirleitt um einn stakan atburð, lýsingarnar eru hlutlausar og án hleypidóma, en skrifaðar af miklu listfengi. Frásögnin sjálf er áhrifamikil og höfundur lætur lesendur sjálfa um að draga ályktanir af henni. Þótt Kolyma-sögurnar eigi að heita skáldskapur, byggja þær á reynslu Shalamovs úr fangabúðunum og sagt er að hann hafi upplifað sjálfur eða orðið vitni að öllu því sem sögurnar segja frá.

Að næturlagi¹

Kvöldverðinum var lokið. Glebov sleikti skálina í rólegheitum, sópaði brauðmolunum varfærnislega af borðinu í vinstri lófann og bar þá upp að munninum. Hann gleypti molana ekki, fann hvernig gráðugt, þykkt munnvatnið lék um þessa agnar-smáu brauðbita. Glebov hefði ekki getað svarað því hvort brauðið bragðaðist vel. Gott bragð var eitthvað allt annað. Það var ekki hægt að bera það saman við þessa áköfu tilfinningu algleymis sem fylgdi því að borða mat. Glebov var ekkert að flýta sér að kyngja. Brauðið bráðnaði af sjálfu sér í munni hans, bráðnaði hratt.

Innfallin, glansandi augu Bagretsovs einblíndu á munninn á Glebov. Sá viljastyrkur var ekki til sem gat hjálpað mönnum að líta af fæðu sem var að hverfa upp í munn annars manns. Glebov kyngdi munnvatninu og um leið beindi Bagretsov augunum í átt að sjóndeildarhringnum, á stóra appelsínugula tunglið sem var að skríða upp á himininn.

„Nú verðum við að fara,“ sagði Bagretsov. Þeir lögðu þögulir af stað eftir stígnum sem lá að hæðinni og klifruðu upp að litlum slóða sem lá fram með bjarginu. Þótt sólin væri nýsest, var kuldi þegar kominn í steinana sem á daginn brenndu berar iljar fanganna gegnum þunna gúmmískóna. Glebov hnepti vattfóðraða jakkanum að sér. Honum hlýnaði ekkert á göngunni.

„Er langt eftir enn?“ hvíslaði hann.

„Já, nokkuð langt,“ svaraði Bagretsov lágum rómi.

Þeir settust niður til að hvíla sig. Þeir höfðu ekkert að segja og þurftu heldur ekki að hugsa – allt var skýrt og augljóst. Við enda slóðans voru hrúgur af muldum steinum og þurrum mosa sem hafði verið rifinn upp úr jörðinni.

1 Þýtt eftir texta í: Варлам Шаламов, Колымские Рассказы, 2. útg., París: YMCA-PRESS, 1982.

„Ég hefði getað gert þetta einn,“ glotti Bagretsov, „en það er skemmtilegra að hafa félagsskap. Og svo hugsaði ég líka að við værum gamlir vinir ...“

Þeir höfðu verið fluttir hingað á sama skipi fyrir ári.

Bagretsov nam staðar. „Leggstu. Annars sjá þeir okkur.“

Þeir lögðust niður og fóru að henda steinunum til hliðar. Hér voru engir stórir hnullungar sem þurfti fleiri en tvo menn til að flytja úr stað, vegna þess að þeir sem höfðu unnið að því að hrúga þeim upp um morguninn voru ekkert sterkari en Glebov.

Bagretsov bölvaði lágt. Hann hafði meitt sig á fingrinum og það blæddi úr sárinu. Hann sáldraði sandi á það, reif lítið vattstykki úr jakkanum sínum og þrýsti á sárið en það hætti ekki að blæða.

„Skortur á storkuefnum,“ sagði Glebov áhugalaus.

„Ertu kannski læknir, eða hvað?“ spurði Bagretsov og saug fingurinn.

Glebov þagði. Honum fannst mjög langt síðan hann hafði starfað sem læknir. Hafði hann einhvern tíma verið læknir? Of oft fannst honum heimurinn handan við fjöllin og hafið vera eins og hálfgerður draumur, eða hugarburður. Raunveruleikinn bjó í einni mínútu, einni klukkustund, einum degi í einu, frá lúðrakallinu að morgni þar til vinnu lauk að kvöldi. Hann var aldrei með neinar vangaveltur um framhaldið; hann hafði ekki orku í slíkt. Það gildi reyndar um þá alla.

Hann vissi ekkert um fortíð annarra manna í búðunum og hafði ekki áhuga á að vita neitt um þá. En ef Bagretsov segðist á morgun hafa verið doktor í heimspeki eða marskálkur í flughernum, myndi Glebov trúá honum án þess að velta því frekar fyrir sér. Hafði hann einhvern tíma sjálfur verið læknir? Hann hafði ekki einungis misst hæfileikann til að meta slíkt heldur einnig athyglisgáfuna. Glebov sá hvernig Bagretsov saug blóð úr óhreinu sárinu en sagði ekki neitt. Sýnin smaug bara inn í vitund hans en hann skorti vilja til að bregðast við henni, reyndi það ekki einu sinni. Hann var aðeins meðvitaður um eitt, og það átti mögulega ekkert skylt við mannlega hugsun lengur, en það var sá ásetningur að bera burt steinana eins hratt og mögulegt var.

„Þetta er líklega á miklu dýpi, ekki satt?“ spurði Glebov þegar þeir tóku sér stutt hlé frá vinnunni til að hvíla sig.

„Hvernig getur það verið djúpt niðri?“ sagði Bagretsov.

Og Glebov áttaði sig á því að spurningin hafði verið heimskuleg og að auðvitað gæti holan ekki verið djúp.

„Hérna er hann,“ sagði Bagretsov. Hann teygði sig í áttina að stórri tá. Táin stóð beint upp úr steinahrúgunni og sást vel í tunglskininu. Hún var ekkert lík tám Glebovs og Bagretsovs, ekki samt vegna þess að hún væri lífvana og stirðnuð, það var lítill munur hvað það varðaði. Nöglín á þessari dauðu tá var klippt, og táin sjálf holdmeiri og mýkri en tær Glebovs. Þeir flýttu sér að kasta burt steinunum sem huldu líkið.

„Þessi er mjög ungur,“ sagði Bagretsov.

Þeir tóku um fætur líksins og drógu það með erfiðismunum upp úr gröfinni.

„Hann virðist svo hraustlegur,“ sagði Glebov og blés þungt.

„Ef hann hefði ekki verið svona vel á sig kominn hefði hann verið jarðaður eins og við erum jarðaðir. Þá hefði ekki verið ástæða til að koma hingað upp eftir í kvöld.“

Þeir réttu úr handleggjum hins látna og drógu skyrtuna af honum.

„Hann er í glænýjum nærbrókum,“ sagði Bagretsov ánægður.

Þeir tóku líka nærbolinn og Glebov faldi nærfötin undir vattjakkanum sínum.

„Farðu heldur í þau,“ sagði Bagretsov.

„Nei, ég vil það ekki,“ muldraði Glebov.

Þeir lögðu líkið aftur í gröfina og hrúguðu steinum yfir það.

Tunglið kom upp og bláleit birta þess skein yfir steinana, á strjálan skóg túndrunnar og lýsti upp hverja einustu klettasyllu og hvert einasta tré á einstakan máta. Allt virtist raunverulegt en á nýjan hátt, mjög ólíkt því sem sást í dagsbirtu. Það var eins og heimurinn væri annar, hefði eins konar næturásýnd.

Nærföt hins látna höfðu hlýnað innanklæða hjá Glebov og virtust ekki lengur eins framandleg.

„Það væri gott að fá sér að reykja núna,“ sagði Glebov.

„Þú færð að reykja á morgun.“

Bagretsov brosti. Á morgun myndu þeir selja nærfötin í skiptum fyrir brauð, kannski fengju þeir líka örliðla tóbakslús ...

Smiðir¹

Dögum saman hafði hvít þokan verið svo þétt að það sást varla milli manna í tveggja skrefa fjarlægð. Reyndar var ekki mikið um það að menn væru að fara einir í langar gönguferðir. Yfirleitt var nokkurn veginn hægt að giska í hvaða átt sumar byggingar voru – til að mynda matsalurinn, sjúkraskýlið og vaktherbergið. Það var áunnin eðlishvöt, af sömu tegund og dýr búa yfir og sem vaknar í mannum við ákveðnar aðstæður.

Mennirnir fengu ekki að kíkja á hitamælinn; þeir þurftu ekki að sjá hann. Það var farið til vinnu í hvaða veðri sem var. Þar að auki gátu gamalgrónir fangar nánast sagt til um kuldagráðuna án hitamælis. Frostþoka táknaði fjörutíu gráðu frost, þungur en reglulegur andardráttur fjörutíu og fimm gráðu frost, þungur og óreglulegur andardráttur fimmtíu gráðu frost. Ef frostið var komið niður fyrir fimmtíu og fimm gráður fraus hráki í lausu lofti. Nú hafði hráki frosið í lausu lofti tvo daga í röð.

Á hverjum morgni vaknaði Potashníkov með þá von í brjósti að frostið hefði minnkað um nóttina. Hann vissi af reynslu frá vetrinum sem leið að hversu lágt sem hitastigið væri þá þyrfti snöggan, greinilegan mun til að manni gæti hlýnað. Ef frostið minnkaði þó ekki væri nema niður í fjörutíu eða fjörutíu og fimm gráður yrði hlýrra í tvo daga og ástæðulaust var að hugsa lengra fram í tímann en það.

En frostið minnkaði ekki og Potashníkov vissi að hann gæti ekki haldið út mikið lengur. Morgunmaturinn dugði honum einungis til einnar stundar vinnu, síðan kom þreytan og frostið smaug í gegnum merg og bein – þetta orðtak var aldeilis ekki myndlíking.

1 Þýtt eftir texta í: Варлам Шаламов, Колымские Рассказы, 2. útg., París: YMCA-PRESS, 1982.

Þá var aðeins hægt að sveifla hakanum eða skóflunni til og frá og tvístíga fram að hádegi til að frjósa ekki. Hádegisverðurinn – næfurþunn súpa og tvær skeiðar af hafragraut – gaf ekki mikla orku en það var samt gott að fá eitthvað heitt í kroppinn. Og enn dugði maturinn einungis til þess að Potashníkov gat unnið eina klukkustund en þá var hann orðinn helkaldur. Loks var vinnudagurinn á enda og eftir kvöldmatinn, þegar hann hafði borðað brauðið sitt og skolað því niður með heitu vatni – það hvarflaði ekki að neinum að borða það í matsalnum með súpunni heldur tóku allir brauðið með sér í svefnskálann – lagðist hann umsvifalaust til svefns.

Hann svaf að sjálfsgöðu í efri koju. Að sofa í neðri koju var eins og að hírast í ísköldum kjallara, og þeir sem sváfu í neðri koju voru vanir að standa hálfa nóttina við ofninn og skiptast á að grípa utan um hann en ofninn var rétt volgur. Það var aldrei til nóg af eldiviði, því hann þurfti að sækja fjögurra kílómetra leið eftir vinnu og allir reyndu hvað þeir gátu að víkja sér undan þessu verkefni. Það var hlýrra í efri kojunni þótt allir svæfu í vinnufötunum, húfum, vattjökkum, ullarjökkum og vatteruðum síðbuxum. Það var hlýrra þar uppi en samt fraus hárið við koddann um nóttina.

Potashníkov fann hvernig kraftar hans þurru með hverjum degi. Hann, þrítugur maðurinn, átti erfitt með að klifra upp í efri kojuna, hvað þá að komast niður. Maðurinn í kojunni við hliðina hafði látist daginn áður, vaknaði bara ekki og enginn spurðist fyrir um það úr hverju hann hefði dáið, eins og dánarorsökin gæti bara verið ein og væri öllum ljós. Vörðurinn, sem var á dagvakt, gladdist yfir því að hann hafði ekki geispað golunni um kvöldið, heldur um morguninn, því að þá fékk hann dagskammt hins látna. Þetta var á allra vitorði og Potashníkov herti upp hugann og fór til hans.

„Gefðu mér skorpubita,“ bað hann en vörðurinn svaraði með ruddalegum formælingum, sem aðeins sá, sem er orðinn forhertur af langvarandi orkuleysi og veit að honum verður ekki refsað, getur látið út úr sér. Aðeins við mjög sérstakar aðstæður þorir sá veikari að bölvja þeim sterkari, og kjarkurinn stafar af örvæntingu. Potashníkov þagði og gekk burt.

Hann varð að taka einhverja ákvörðun, finna upp á einhverju þótt hann væri örmagna. Eða – deyjja. Potashníkov óttaðist ekki dauðann. En hann átti sér ástríðufulla, leynilega löngun, eins

konar síðustu þvermóðsku – að deyja á sjúkrahúsi einhvers staðar, í rúmi, í viðurvist annars fólks, ekki úti á víðavangi, í brunagaddi eða í fangabúðarskála innan um fúkyrði, skít og algjört skeytingarleysi annarra manna. Hann ásakaði ekki hina fyrir hugsunarleysið. Hann hafði fyrir löngu áttað sig á orsök þessarar andlegu deyfðar og kulda. Frostið, sem frysti hráka í lausu lofti, náði líka inn í sálir mannanna. Ef bein gætu frosið, gat heilinn líka frosið og sljógvast, og jafnvel sálin. Í heljargreipum frostsins var ómögulegt að hugsa. Og sál sem frýs og skreppur saman verður kannski köld um alla eilífið. Potashníkov hafði tapað öllu nema lönguninni til að lifa af, þrauka í nístingsköldu frostinu.

Potashníkov gleypti í sig heita súpuna, tuggði brauðið sitt og hélt af stað út á vinnusvæðið. Það var varla að fætur hans létu að stjórn. Áður en vinnan hófst var vinnuflokknum stillt upp í röð og feitlaginn maður, rjóður í framan, klæddur í hvíta úlpu með hatt og í stígvélum, hvoru tveggja úr hjartarskinni frá Jakútiú, gekk meðfram röðinni. Hann mændi framan í tærð, óhrein andlit mannanna. Verkstjórinn kom aðvífandi og sagði kurteislega við manninn með hjartarskinshattinn:

„En ég fullvissa yður, Aleksandr Jevgeníjevítsj, að það er enginn slíkur í minni sveit. Leitið til Soboljevs og glæpamanna hans, þetta eru allt saman menntamenn hér, Aleksandr Jevgeníjevítsj – ein-tómt vesen.“

Maðurinn með hjartarskinshattinn hætti að virða mennina fyrir sér og sneri sér til verkstjórans.

„Verkstjórar þekkja ekki sína menn, vilja ekki þekkja þá, vilja ekki aðstoða okkur,“ sagði hann hásum rómi.

„Það er rétt hjá yður, Aleksandr Jevgeníjevítsj.“

„Ég skal sýna þér hvernig á að fara að. Hvað heitirðu?“

„Ívanov, Aleksandr Jevgeníjevítsj.“

„Fylgstu með! Jæja, strákar, takið eftir!“ Maðurinn með hjartarskinshattinn tók sér stöðu fyrir framan vinnuflokkinn. „Yfirstjórnina vantar smíði til að smíða kassa undir moldarflutninga.“

Allir þögðu.

„Þarna sjáið þér, Aleksandr Jevgeníjevítsj,“ hvíslaði verkstjórinn.

Allt í einu heyrði Potashníkov sjálfan sig segja: „Ég er smíður.“

Hann tók eitt skref fram.

Hægra megin við hann steig annar maður fram án þess að segja orð. Potashníkov þekkti hann. Þetta var Grígorjev.

„Jæja,“ sagði maðurinn með hjartarskinshattinn og sneri sér að verkstjóranum. „Heilalausi fáviti! Strákar, eltið mig.“

Potashníkov og Grígorjev drögnuðust af stað á eftir manninum með hjartarskinshattinn. Hann nam staðar.

„Ef við höldum áfram á þessum hraða,“ sagði hann með sinni hásu rödd, „náum við ekki á leiðarenda fyrir hádegi. Þannig að ég ætla að fara á undan en þið gefið ykkur fram við Sergejev, verkstjóran á verkstæðinu. Vitið þið hvar smíðaverkstæðið er?“

„Já, já, við vitum það,“ sagði Grígorjev hátt og snjallt. „Verið svo vænir að gefa okkur að reykja.“

„Þessa ósk held ég að ég hafi heyrt áður,“ muldraði maðurinn með hjartarskinshattinn, og án þess að taka pakkann úr vasanum, teygði hann fingurna í tvær sígarettur.

Potashníkov gekk á undan og hugsaði ákaft. Í dag yrði hann inni á hlýju smíðaverkstæðinu við að brýna axir og smíða axarsköft. Og skerpa sagir. Það yrði óþarft að flýta sér. Hann gæti drepíð tímann fram að hádegi við að finna til verkfæri, skrá sig fyrir þeim eða við að leita uppi lagervörðinn. Og þegar liði að kvöldi og komið væri í ljós að hann kynni hvorki að smíða axarsköft né skekkja sagartennur, yrði honum sparkað og á morgun yrði hann kominn aftur í gamla vinnuflokkinn. En í dag myndi hann dvelja inni í hlýjunni. Og kannski kæmist hann upp með að vera smiður á morgun líka, og jafnvel hinn daginn, það er að segja ef Grígorjev væri í raun og veru smiður. Hann gæti verið aðstoðarmaður Grígorjevs. Veturinn var senn liðinn og þegar sumarið kæmi, stutt sumarið, myndi hann hafa það af.

Potashníkov staðnæmdist og beið eftir Grígorjev.

„Kanntu þetta ... að smíða?“ spurði hann og hélt niðri í sér andanum af eftirvæntingu.

„Sjáðu til,“ sagði Grígorjev glaðlega, „ég var í framhaldsnámi við mála- og bókmenntafræðideild Moskvuháskóla. Ég hugsa að sérhver maður með háskólagráðu hljóti að geta höggvið til axarsköft eða skerpt sagir. Ég tala nú ekki um ef maður stendur við hliðina á heitum ofni.“

„Þýðir það að þú kunnir ekki heldur ...“

„Það þýðir ekki neitt. Við blekkjum þá í tvo daga og svo – hverjum er svo sem ekki sama hvað gerist eftir tvo daga?“

„Við blekkjum þá í einn dag og svo verðum við komnir aftur í vinnuflokkinn á morgun.“

Þrátt fyrir samstillt átak gekk þeim erfiðlega að opna dyrnar, því hurðin hafði frosið föst en loks tókst það. Á miðju gólfi smíðaverkstæðisins stóð rauðglóandi járnofn og fimm trésmiðir stóðu við borð og unnu berhöfðaðir og án yfirhafna. Tvímenningarnir krupu fyrir framan opna ofnhurðina eins og ofninn væri eldguðinn sjálfur, einn allra fyrsti guð mannanna. Þeir drógu af sér vettlingana og teygðu hendurnar í áttina að ylnum en þar sem þeir höfðu misst alla tilfinningu í höndunum, fundu þeir ekki strax fyrir hitanum. Andartaki síðar, án þess að standa upp, tóku þeir ofan húfurnar og hnepptu frá sér jökkunum.

„Hvað viljið þið hér?“ spurði einn smiðurinn kuldalega.

„Við erum smiðir. Við eigum að vinna hér,“ sagði Grígorjev.

„Samkvæmt fyrirmælum Aleksandrs Jevgeníjevítsj,“ flýtti Potashníkov sér að bæta við.

„Eru það sem sagt þið sem áttuð að fá verkfæri hjá okkur?“ spurði Arnshrem, roskinn maður sem var að hefla skófluskraft úti í horni. Hann var sá sem hafði umsjón með verkfærunum.

„Já, það erum við ...“

„Hérna,“ sagði Arnshrem og virti þá tortrygginn fyrir sér. „Hér fáid þið tvær axir, sög og skekkitöng. Þið verðið svo að skila töginni. Hér er öxin mín. Smíðið á hana skaft.“

Arnshrem brosti.

„Kvóti dagsins er þrjátíu sköft – þrjátíu alls.“

Grígorjev tók við trékubb sem Arnshrem rétti honum og fór að saga í hann. Það heyrist blásið til hádegisverðar, en Arnshrem gerði sig ekki líklegan til að fara í jakkann sinn. Hann stóð og starði þegjandi á Grígorjev vinna.

„Nú þú,“ sagði hann við Potashníkov.

Potashníkov lagði viðarbút á fjalhögg, tók við öxinni frá Grígorjev og byrjaði að höggva í hann.

Hinir smiðirnir voru farnir í mat og það voru engir aðrir á smíðaverkstæðinu en mennirnir þrír.

„Hér, takið þessi axarsköft,“ sagði Arnshrem og rétti Grígorjev tvö tilhöggin axarsköft, „og festið þau á axirnar. Brýnið sögina. Í dag og á morgun megið þið hlýja ykkur við ofninn. Síðan verðið þið að fara aftur á staðinn sem þið komuð frá. Hérna fáid þið allavega brauðbita í hádegismat.“

Þann dag allan og daginn eftir yljudu þeir sér við ofninn, en á þriðja degi var frostið komið niður í þrjátíu stig. Veturinn var senn á enda.

1954 Áslaug Agnarsdóttir þýddi úr rússnesku

Um Silvínu Ocampo

Árið 1940 kom út bók í Argentínu sem átti eftir að njóta Ómældra vinsælda í Rómönsku-Ameríku. Það var *Antología de la literatura fantástica* eða Úrvalsrit fantasíubókmennta. Í safninu eru sögur frá ólíkum tímabilum og heimshlutum, allt frá ævafornum kínverskum sögum til Edgars Allans Poe og Franz Kafka. Ritstjórar bókarinnar voru þrír: þau Silvína Ocampo, eiginmaður hennar Adolfo Bioy Casares, og vinur þeirra, Jorge Luis Borges. Öll höfðu þau brennandi áhuga á fantasíuforminu eins og átti eftir að koma fram í verkum þeirra þótt með ólíkum hætti væri.

Silvína Ocampo fæddist árið 1903 í Búenos Aíres og var yngst sex dætra efnahjónanna Ramonu Aguierre og Manuels Silvínos Ocampo. Elst systranna var Victoria Ocampo, stofnandi og ritstjóri forlagsins Sur og samnefnds menningartímarits, sem var málþípa Sur-hópsins svonefnda, en ofangreint þríeyki skipaði hluta þess. Margir telja ritið eitt mesta menningarrit sem hefur litið dagsins ljós í Rómönsku-Ameríku. Það markaði að mörgu leyti stefnuna fyrir argentínskar nútímabókmenntir. Ung að árum nam Silvína teikningu og málalalist í París undir handleiðslu Fernands Léger og Giorgios de Chirico. Silvína átti löngum eftir að sameina mynd- og ritlist sína; hún myndskreytti meðal annars eigin bækur og annarra.

Rithöfundarferill hennar hófst árið 1937 þegar hún gaf út smásagnasafnið *Viaje olvidado* (Gleymt ferðalag). Ríflegur áratugur leið þar til hún gaf út næsta smásagnasafn, *Autobiografía de Irene* (Sjálfsævisaga Irene, 1948). Í millitíðinni sendi hún frá sér þrjár ljóðabækur: *Enumeración de la patria* (Upptalning föðurlands míns, 1942), *Espacios métricos* (Háttbundin rými, 1945) og *Los sonetos del jardín* (Sonnettturnar í garðinum, 1948). Allar hlutu þær

góðar viðtökur og voru verðlaunaðar. Þess má geta að Borges var fyrstur til að lofa kveðskap Silvinu. Silvina skrifaði aðallega smásögur og ljóð en fékkst einnig við leikritaskrif og gaf út töluvert af barnabókum. Alls urðu smásagnasöfn hennar sjö talsins. Auk þeirra fyrirnefndu sendi hún frá sér *La furia* (Heiftin, 1959), *Las invitadas* (Boðsgestirnir, 1961) og *Los días de la noche* (Dagar næturinnar, 1970). Síðustu smásagnasöfnin komu út nokkrum árum fyrir andlát hennar, *Y así sucesivamente* (Og svo framvegis, 1987) og *Cornelia frente al espejo* (Cornelia andspænis speglinum, 1988). Ocampo sinnti einnig þýðingum og sneri úr frönsku og ensku verkum eftir Charles Baudelaire, Paul Verlaine, Emily Dickinson, Edgar Allan Poe, Herman Melville og Emanuel Swedenborg. Hún gaf út nokkrar bækur í samstarfi við aðra. Auk *Antología de la literatura fantástica* sendi þríeykið frá sér úrvalsrit argentínskra ljóða árið 1941. Þá skrifaði hún nokkur verk með eiginmanni sínum Bioy Casares, en einnig (fantasíu)höfundinum Juan Rodolfo Wilcock.

Smásögur Silvinu Ocampo spanna meira en fjóra áratugi. Ákveðna þróun má merkja í smásagnagerð hennar, en segja má að almennt ríki í þeim einkennilegt andrúmsloft, furðulegir atburðir gerast á ofur hversdagslegum stöðum við ofur hversdagslegar aðstæður, ekki hvað síst á borgaralegum heimilum yfirstéttarfólks. Ocampo teflir oft saman ráðandi stétt og valdalausri þar sem þjónustufólk, börn eða fátækir eiga í hlut. Andstæður heimur full-orðinna og barna er algengt viðfangsefni í sögum hennar þar sem grimmd og miskunnarleysi er allsráðandi. Hugmyndinni um einhvers konar umskipti, tvífara eða jafnvel endurholdgun er henni sérlega hugleikin. Fantasían eða furðan í verkum Ocampo gerist ævinlega í okkar kunnuglega og áþreifanlega heimi. Hvað þetta varðar má segja að furðan í verkum hennar sé meira í ætt við Julio Cortázar en Bioy Casares og Borges þar sem fantasían á sér stað í öðrum raunheimi, í hugarheimum eða þá í fyrndinni.

Silvina Ocampo var ekki mikið fyrir sviðsljósið. Hún forðaðist fjölmenni, einnig blaðamenn og vildi helst ekki láta taka af sér ljósmyndir. Að einhverju leyti var hún í skugga ekki aðeins Bioys Casares og Borgesar, heldur einnig elstu systur sinnar sem var miðjan í menningarlífi Argentínu þess tíma. Verk Silvinu fengu þó góðan hljómgrunn en féllu að einhverju leyti í gleymsku þar til á

níunda áratug síðustu aldar þegar þau fóru að vekja áhuga að nýju.
Hún lést í fæðingarborg sinni, Buenos Aíres, árið 1993.

Rekkjuvoð jarðar¹

„G arðyrkjumaður, hagar við trjá- og blómarækt óskar eftir vinnu. Besares 451.“ Hún brosti. Auglýsingin hafði legið í meira en ár innan um mölkúlur í peysuvasanum hennar. Hún vöðlaði henni saman og kastaði í gólfid. Hallaði síðan höfðinu aftur á körfustólinn, varpaði öndinni léttar og sagði við mann sinn: „Mikið erum við heppin að hafa svona góðan garðyrkjumann.“ Maðurinn gaut augum á hana yfir dagblaðið. „Alvöru garðyrkjumann“, hélt hún áfram, „sem hlúir svo blíðlega að plöntunum og þykir jafn vænt um þær og sín eigin börn.“ Þegar hún sagði þessi orð fannst henni hún vera lukkunnar pamfíll: börn hennar voru hraust, þetta var dýrðardagur og hún hafði fundið góðan garðyrkjumann. Þarna sat hún á svölunum, sveipuð hvíta kjólnum og skynjaði það sem allar hvítklæddar konur á sólbjörtum degi hljóta að skynja: henni fannst hún vera gagnsæ, ópersónuleg eins og sjálfur dagurinn, umkringd fjölda blóma sem biðu hennar. Hún fór í hanskana, tók garðklippurnar og gekk niður í garðinn með sólhlífina sem hún notaði til að verja sig gegn hitanum. Það var aðlaðandi mynd sem mætti henni í speglinum.

Reykurinn úr bálköstunum liðaðist yfir innsta hluta garðsins og sólargeislarnir urðu bláhvítir. Hann sat kyrr á milli laufa klífurplantnanna svo ekki sást í himininn. Þetta var fegursti tími dagsins, það get ég fullyrt án þess að hætta á að fara rangt með, því þegar maður er í garði að degi til getur hver stund verið sú fegursta. Við verðum bara ekki vör við það þegar við erum innanhúss, og svo kemur fegurðin okkur alltaf jafn mikið á óvart, eins og við hefðum aldrei gert ráð fyrir henni. Fuglarnir tóku að syngja í kapp við

1 Þýtt eftir texta í: Silvina Ocampo, Y así sucesivamente, Barcelona: Tusquets, 1987. Sagan birtist fyrst í tímaritinu Sur 1938.

sláttuvélina. Garðyrkjumaðurinn sveif hátíðlega frá einni plöntu til annarrar eins og hann væri hluti af glæstu föruneyti, og bandaði burt skordýrunum. Hann var sífellt með handleggina sveigða, eins og þeim væri íþyngt af ósýnilegri vatnsslöngu, ljá, hlújarni eða hrífu, jafnvel þegar hann tók sér hlé. Af honum lagði megna lykt af þurrkuðum laufum og rakri mold.

Á lífstíð sinni hafði hann gróðursett þúsundir trjáa af mismunandi tegundum. Hann hafði starfað á eyjunum í Paraná-fljótinu, einnig í grennd við Tandil-héraðið, á Pampa-sléttunum, sömu-leiðis á svæðunum suður af Río Negro og norður af Iguazú, alltaf með sama fataböggulinn og sömu eiginkonuna með óljósu andlitsdrættina. Sömu vinnusömu, barnlausu konuna. Hann angaði af skrælnuðum laufum og rakri mold, einkum og sér í lagi þegar hann þerraði af sér svitann með stórum silkivasaklút sem á voru fjólubláar og grænar rendur. Hann bjó innst í garðinum í örlitlu húsi sem var ekki nema eitt herbergi.

Garðyrkjumaðurinn rótaði til í moldinni með stórri skóflu, muldi síðan kögglana þar til moldin varð silkimjúk og meðfærileg. Hendur hans voru orðnar svo nátengdar jarðveginum að hann átti erfitt með að reyta illgresið. Engu var líkara en að hann væri að gróðursetja þær hægt og bítandi í hvert sinn sem hann snerti jarðvegin. Á höndunum voru mörg lög af nokkurs konar dökku hýði, eins og á blómlaukum sem þrífast aðeins í jarðvegi eða í vatnsglasi.

Þess vegna forðaðist hann að þvo sér um hendurnar með vatni og strauk þeim í staðinn eftir grasinu. Þess vegna hafði hann lengi forðast eins og hægt var að stinga höndunum of langt ofan í jarðvegin og því notaði hann hníf með oddhvössu og þunnu blaði til að rífa upp illgresið. En þennan dag hafði hann lagt hnífinn frá sér í ógáti eða í flýti og stakk hendinni djúpt í moldina til að ná upp plöntu sem var ofaukið. Þarna innst í garðinum, þar sem hann kraup á hnjónum, reyndi hann í örvæntingu að rífa upp plöntuna og síðan höndina. En þá heyrðist fótatak nálgast og steinvölnar tóku undir. Höndin vildi ekki upp úr jörðinni. Hann leit upp og mætti sérstöku brosinu sem var á andliti hennar þegar hún var að skera blómin. Hann heyrði hana segja: „Ég er alveg í skýjunum. Það hafa aldrei verið svona mörg blóm hjá mér.“ Hún tók hattinn ofan með vinstri hendinni og þakkaði fyrir í þrígang, af mikilli virðingu eins

og mátti sjá á því hvernig hún hreyfði höfuðið. Svo hélt hún áfram: „Ég myndi vilja gróðursetja nokkra runna, líka nokkrar skrautjurtir við hliðið. Hvað leggurðu til?“ „Það eru til svo margar tegundir!“ svaraði garðyrkjumaðurinn og fann hvernig hönd hans greri enn fastar við jarðveginn. „Við eigum *evonimus* frá Japan, *evonimus microphylla* eða *pulchellus*, og japanska lárviðarlaufið *pthotinea serrulatao*; allir þessir runnar eru sígrænir og harðgerir. Við eigum líka *phila-delpus gronarius* og *archangelica angelica*, sem flestir kalla nú bara hvönn; hún blómstrar ríkulega á vorin.“ „Já, akkúrat, ég er einmitt svo hrifin af hvönn, með dökku blöðunum sínum og vel formuðu blómkrónunum sem ilma svo dásamlega.“ Svo hélt hún leiðar sinnar og lék sér að því að snúa handfanginu á sólhlífinni. Börnin hennar hlupu í kringum hana. Þau námu staðar um stund og fóru að leita að steinvölum, komu síðan til garðyrkjumannsins. „Hvað ertu að gera?“ spurðu þau um leið og þau settust á hækjur sér, og maðurinn svaraði þolinmóður: „Ég er að reyta arfa.“ Börnin stöldruðu við, höfðu týnt smápeningi eða blýanti sem þau ætluðu aldrei að finna, en þreyttust loks og fóru valhoppandi burt og gáfu frá sér hljóð eins og í eimreið.

Nóttin lagðist hljóðlega yfir með sínum hefðbundna klið. Garðyrkjumaðurinn heyrði konu sína kalla á sig; hún var á leiðinni frá húsinu að hliðinu. Hann bærði ekki á sér. Það rétt svo mótaði fyrir bekkjunum í myrkrinu; hann vissi að eiginkonan myndi ekki sjá hann. Hann settist á grasið, seildist í vasann og dró upp stóran klút með röndum og þurrkaði svitann af enninu með vinstri hendinni. Hungrið var farið að segja til sín. Ilmurinn úr eldhúsinu og skarkalinn í diskum og hnífapörum espuðu svengd hans. Hann kallaði á konu sína, fyrst af veikum mætti, síðan hærra þangað til hún heyrði loks til hans. Konan kom hlaupandi og spurði hvort hann hefði meitt sig. „Nei, ég er ekki særður. Ég er svangur,“ svaraði garðyrkjumaðurinn. „Af hverju hættirðu þá ekki að vinna? Það er kominn matartími.“ „Ég get það ekki,“ sagði hann og benti á höndina. „En af hverju togarðu hana ekki upp af meiri krafti?“ „Ég er búinn að gera allt sem ég get.“ „Jæja, þá þarftu að vera hér í nótt,“ svaraði konan. „Já,“ sagði hann og eftir nokkurt hlé bætti hann við: „Komdu með matinn hingað. Og reyndu að láta engan sjá þig.“ Konan hljóp til baka og kom að vörmu spori með súpuskál, salat og

brauðsneið. Hún gleymdi víninu. Maðurinn borðaði af bestu lyst. Konan horfði á hann í myrkrinu og reyndi að sjá fyrir sér andlit hans. „Á ég að koma með teppi handa þér?“ „Nei,“ svaraði maðurinn, „það er ekki kalt.“ Hann lauk við matinn og lagðist á jörðina. Konan bauð honum góða nótt.

Skömmu eftir að konan fór mundi hann eftir því að hann hafði ekki fengið neitt að drekka. Hann langaði að kalla á hana, en rödd hans fjaraði út í vindinum eins og fíngerður silkippappír. Þar á ofan voru dyrnar á húsinu hans lokaðar og ljósinn slökkt, og allt bent til þess að kona hans væri í fastasvefni.

Þorstinn varð meiri og meiri eins og víðfeðmar sandbreiður; garðyrkjumaðurinn gekk yfir þær þangað til hann kom, í minningunni, að greniskógi nokkrum í Patagóníu. Hann var með öxi og sög. Bolir trjáanna voru sverir og þaktir mosa. Trén voru orðin mjög há og það varð að snyrta þau til þess að halda þeim í skefjum. Verkið reyndist erfitt, það varaði dag eftir dag. Greinarnar stungust út eins og óvæntir snákar. Skógurinn stundi innan um gjálpandi hávaðann í sögunum. Óvæntur brottrekstur fugla og annarra dýra sem bjuggu á greinunum breytti nótt skógarins í dag. Trjánum blæddi með dásamlegum ilmi, sárin opnuðust og rauðir og bláir regnbogataumar streymdu fram. Skógurinn varð eins og risavaxið sjúkrahús með særðum trjám án handleggja og fótleggja. Maðurinn fann til þorsta þennan dag, sama þorsta og nú, þorsta sem rann saman við lyktina af trjåkvoðu.

Ofurfínn regnúði féll, hér voru engin grenitré, ekki eitt einasta grenitré. Mikið voru garðar án grenitrjáa og barrtrjáa einkennilegir. Það var enn kveikt á ljósunum í stóra húsinu. Einhver var í heim-sókn, og eftir matinn gekk fólkið um garðinn með húsmóðurinni.

Hann kraup aftur á knén. Hún sá hann þarna í myrkrinu. „Enn að vinna,“ hrópaði einhver úr fjarlægð, eins og rödd þakkláts sundmanns sem er í þann veginn að stinga sér aftur til sunds.

Garðyrkjumaðurinn fann hvernig höndin hans opnaðist og tók að saga í sig vatnið úr jarðveginum. Vatnið seytlaði hægt og rólega upp eftir handleggnum og að hjartanu. Þá lagðist hann undir tímalausar rekkjuvoðir jarðarinnar. Hann fann hvernig hann fór að vaxa með gróskumikið hár og græna handleggi.

Nóttin var löng, mjög löng. Við yfirborðið snertu alls kyns skordýr niðurgrafna handlegginn; það var engu líkara en að skeytingarlausir ormar væru að kitla hann ofur létt. Rétt fyrir dögum skreið lirfa hægt upp eftir bakinu á honum. Aldrei fyrr hafði morgnað svona hægt og verið jafn erfitt að koma birtunni inn á milli greinanna til að hefja morguninn. Garðyrkjumaðurinn heyrði að kallað var á hann. Hann langaði til að beygja sig og taka upp hnífinn en það var enginn sveigjanleiki í mittinu. Upp frá þessari stundu lifði hann eftir lögum Pýþagórasar; vindurinn og regnið lögðu sig eftir því að má út ummerki líkama hans af rekkju jarðarinnar.

Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi úr spænsku

Flauelskjóllinn¹

Þegar við komum að húsinu með garðinum í Ayacucho-götu vorum við orðnar sveittar, og við bleyttum vasaklútana í gosbrunninum þarna í Recoleta-hverfinu og strukum þeim yfir enni okkar.

Við fórum í lyftunni upp á fjórðu hæð. Ég var í vondu skapi af því að mig langaði ekki í þessa ferð, kjóllinn minn var skítugur og síðdegis ætlaði ég að þvo og strauja rúmábreiðuna mína. Við hringdum dyrabjöllunni, einhver opnaði dyrnar og okkur var boðið inn. Casilda og ég gengum inn í íbúðina með pakkann. Casilda er saumakona. Við búum í Burzaco og ferðirnar í höfuðborgina þreyta hana, sérstaklega þegar fara þarf í hverfið í norðurhlutanum, það er svo mikið úr leið. Casilda bað strax um vatnsglas svo hún gæti tekið höfuðverkjatöfluna sína sem hún var með í buddunni. Hún missti töfluna á gólfíð, ásamt glasinu og buddunni. Það var fyndið!

Við gengum upp teppalagðan stiga (sem lyktaði eins og möl-kúlur) á eftir þjónustukonunni sem fór með okkur að svefnherbergi frú Corneliu Catalpina. Það var nafn sem ég átti erfitt með að muna. Svefnherbergið var allt rautt með þykkum hvítum gluggatjöldum og þarna voru speglar með gylltum römmum. Við biðum í heila eilífið eftir að húsfrúin kæmi út úr herberginu við hliðina þar sem við heyrðum hana skola kverkarnar og tala við einhverjar raddir. Ilmvatnið hennar barst fram til okkar og rétt á eftir kom hún angandi af öðrum ilmi. Hún barmaði sér um leið og hún heilsaði okkur:

– Mikið eruð þið heppnar að búa í útjaðri Búenos Aíres! Það er að minnsta kosti ekki sót þar. Eru kannski flækingshundar og brenn-

1 Þýtt eftir texta í: Silvina Ocampo, *La furia*, Buenos Aires: Emecé, 1959.

andi sorp þar? ... Sjáið þið rúmteppið mitt. Haldið þið að það sé grátt? Nei. Það er hvítt. Eins og snjóbreiða. Hún tók um hökuna á mér og bætti við: – Þú hefur ekki áhyggjur af svona hlutum. En dásamlegur aldur! Átta ára, er það ekki? Og nú sneri hún sér að Casildu og bætti við: – Af hverju seturðu ekki stein á höfuðið á henni svo hún stækki ekki? Unglegt útlit okkar ræðst af aldri barnanna.

Allir héldu að Casilda, sem var vinkona mín, væri mamma mín. Það var fyndið!

– Viltu ekki máta kjólinn, frú? sagði Casilda og opnaði böggulinn sem var festur saman með títuprjónum. Svo skipaði hún mér: – Náðu í títuprjónana úr veskinu mínu.

– Máta kjóla! Það er hreinasta kvöl! Mikið yrði ég hamingjusöm ef einhver vildi máta þá fyrir mig! Það er svo þreytandi.

Frúin fór úr fötunum og Casilda reyndi að klæða hana í flauelskjólinn.

– Hvenær hefst ferðalagið, frú mín? spurði hún og reyndi að beina athyglinni annað.

Konan gat ekki svarað. Kjóllinn komst ekki yfir axlirnar á henni: eitthvað sat fast í hálsmálinu. Það var fyndið!

– Flauel festist svo auðveldlega við mann, frú, og það er svo heitt í dag. Við skulum nota dálítið púður.

– Komið með það, ég er að kafna, hrópaði frúin.

Casilda lyfti kjólnum upp yfir axlirnar og konan settist í hægindastólinn alveg að því komin að falla í yfirlið.

– Hvenær hefst ferðalagið, frú mín? spurði hún aftur og reyndi að dreifa athygli frúarinnar.

– Það styttist í það. Það er hægt að fara hvenær sem maður vill með flugvélnum sem eru til í dag. Kjóllinn verður að vera tilbúinn. Að hugsa sér að það sé snjór þar. Allt er hvítt, hreint og bjart.

– Ferðinni er heitið til Parísar, er það ekki?

– Ég fer líka til Ítalíu.

– Geturðu mátað kjólinn aftur, frú mín? Það tekur ekki nema örstutta stund.

Konan jánkaði og andvarpaði mæðulega.

– Lyftu báðum handleggjunum, það er best að fara fyrst í ermarnar, sagði Casilda, og setti kjólinn aftur yfir höfuðið á henni.

Í dálitla stund reyndi Casilda að toga niður pilsíð á kjólnum svo

Það næði yfir mjaðmirnar á konunni, en án árangurs. Ég hjálpaði til eins og ég gat. Loksins tókst frúnni að komast í kjólinn. Uppgefin hvíldi hún sig andartak í hægindastólnum, stóð síðan á fætur til að spegla sig. Kjóllinn var gullfallegur og svo margbrotinn! Það glampaði á útsaumaðan dreka með svörtum pallíettum vinstra megin á kjólnum. Casilda kraup niður, horfði á frúna í speglinum og tók að brjóta upp faldinn. Síðan reis hún á fætur og stakk títuprjónunum í brotin á kjólfaldinum, hálsmálinu og ermunum. Ég snerti flauelið: það var gróft þegar ég strauk hendinni í aðra áttina eftir því en mjúkt þegar ég strauk því í hina áttina. Ég fékk gæsahúð þegar ég kom við yfirborðið efnisins. Títuprjónarnir duttu á viðargólfið og ég tók þá hátíðlega upp, einn og einn í einu. Það var fyndið!

– Það er aldeilis kjóll! Ég held að það sé ekki til svona fallett snið í allri Búenos Aíres, sagði Casilda og títuprjóninninn sem hún var með á milli tannanna datt á gólfið. – Ertu ekki ánægð með hann, frú?

– Jú, alveg sérlega. Flauel er einmitt efnið sem ég hef mest dálæti á. Efni er eins og blóm: allir eiga sitt uppáhaldsblóm. Mér finnst flauel eins og liljur.

– Ertu hrifin af liljum? Þær eru svo dapurlegar, andmælti Casilda.

– Liljur eru uppáhaldsblómin mín, samt hafa þær slæm áhrif á mig. Mér verður ómótt þegar ég anda að mér ilmi þeirra. Hárin rísa á höfðinu á mér af flauelinu og ég fæ gæsahúð, alveg eins og ég fékk af línhönskum þegar ég var lítil, samt er ekkert efni í heiminum sem jafnast á við það. Mér finnst svo notalegt að finna mýkt þess á höndunum en um leið svo fráhrindandi. Það er ekki til betur klædd kona en sú sem klæðist svörtu flaueli! Það þarf ekki blúndukraga, hvað þá perlufesti; því yrði ofaukið. Flauelið sjálft stendur fyrir sínu. Það er ríkmannlegt en laust við allan íburð.

Þegar frúin lauk máli sínu átti hún erfitt með andardrátt. Einnig drekinn. Casilda sótti dagblaðið sem lá á borðinu og reyndi að kæla hana, en konan bandaði hendinni og bað hana að hætta af því að kalt loft gerði henni ekki gott. Það var fyndið!

Ég heyrði ópin í farandsölunum berast inn af götunni. Hvað voru þeir að selja? Ávexti eða ís kannski? Ómurinn af flautinu í brýningarmanninum og klingjandi bjöllu íssalans færðist upp og niður götuna. Ég stökk ekki í forvitni að glugganum eins og ég var vön. Ég gat ekki slitið mig frá því að horfa á frúna máta kjólinn með

pallíettudrekanum. Hún stóð aftur á fætur og gekk riðandi að speglinum. Pallíettudrekinn riðaði líka. Kjóllinn var nú næstum orðinn fullkominn, aðeins aukafellingar undir báðum handleggjum sem sáust varla. Casilda tók aftur tituprjónana og náldi þeim djarflega í aukafellingarnar á yfirnáttúrulegu efni.

– Myndirðu ekki vilja vera í flauelskjól þegar þú verður stór? spurði frúin.

– Jú, svaraði ég, og fann hvernig flauelið í kjólnum þrengdi að hálsinum á mér með hansaklæddu höndunum sínum. Það var fyndið!

– Nú fer ég úr kjólnum, sagði konan.

Casilda hjálpaði henni og hélt uppi kjólfaldinum.

Frúin rembist árangurslaust í nokkur andartök þar til hún slétti aftur úr kjólnum.

– Ég verð víst að sofa í honum, sagði hún fyrir framan spegilinn og horfði á fölt andlit sitt og drekann sem skalf í takt við hjartslátt hennar. – Flauel er dásamlegt, en það er þungt, sagði hún og bar höndina upp að enninu. – Þetta er algert fangelsi. Hvernig kemst ég úr því? Það ætti að búa til kjóla úr óraunverulegu efni eins og lofti, ljósi og vatni.

– Ég myndi mæla með hrásilki, andmælti Casilda.

Þá féll konan á gólfið og drekinn engdist sundur og saman. Casilda laut yfir hana þar til drekinn hætti að bæra á sér. Ég gældi enn einu sinni við flauelið sem var eins og dýr. Þá sagði Casilda dapurlega:

– Hún er dain. Og ég sem lagði alla þessa vinnu í þennan kjól! Ég hafði svo mikið fyrir honum, svo mikið!

– Það var fyndið!

Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi úr spænsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Aleksander Púshkín (1799–1937) var rússneskt ljóðskáld.

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum miðalda og endurreisnar frá Háskólanum í Grenoble III og er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands.
Netfang: *asdisrm@hi.is*

Áslaug Agnarsdóttir (f. 1949) er cand.mag. í bókmenntum, ensku og rússnesku frá Háskólanum í Ósló og starfar sem sérfræðingur á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.
Netfang: *aslaug@landsbokasafn.is*

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.
Netfang: *erlaerl@hi.is*

Guðrún Kristinsdóttir-Urfalino (f. 1968) lauk MA-prófi í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands og MBA-prófi frá ESCP Europe í París. Hún er doktorsnemi í frönskum fræðum við Háskóla Íslands og Université Sorbonne Nouvelle Paris III og stundakennari við Háskóla Íslands.
Netfang: *guk45@hi.is*

Kristín Guðrún Jónsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State-háskóla. Hún er dósent í spænsku við Háskóla Íslands.
Netfang: *krjons@hi.is*

Irma J. Erlingsdóttir (f. 1968) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum og samanburðarbókmenntum frá Université Sorbonne Nouvelle Paris III. Hún er forstöðumaður Alþjóðlegs jafnréttis-

skóla, EDDU-öndvegisseturs og Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum (RIKK) og dósent í frönskum fræðum við Háskóla Íslands.
Netfang: *irma@hi.is*

Jón Egill Eyþórsson (f. 1967) lauk MA-prófi í klassískri kínversku frá Háskólanum í Zhejiang. Hann stundar doktorsnám við Academy of Korean Studies í Seongnam og er sjálfstætt starfandi fræðimaður á sviði asískra tungumála og menningarsögu.
Netfang: *jeythorsson@gmail.com*

Marion Lerner (f. 1968) lauk doktorsprófi í norrænum fræðum frá Humboldt-háskóla í Berlín, MA-prófi í menningarfræði frá sama háskóla og MA-prófi í þýðingafraði frá Háskóla Íslands. Hún er dósent í þýðingafraði við Háskóla Íslands.
Netfang: *marion@hi.is*

Olga Aleksandrovna Markelova (f. 1980) lauk B.phil.Isl. frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í norrænum fræðum frá Lomonosov-háskólanum í Moskvu. Hún er sjálfstætt starfandi fræðimaður, þýðandi og rithöfundur.
Netfang: *dimentionen@yahoo.dk*

Rebekka Þráinsdóttir (f. 1968) lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg og er aðjúnkt í rússnesku við Háskóla Íslands.
Netfang: *rebekka@hi.is*

Silvina Ocampo (1903–1993) var argentínskur myndlistarmaður og rithöfundur.

Varlam Tíkhonovítsj Shalamov (1907–1982) var rússneskur rithöfundur og blaðamaður.

Wang Wei 王維 (701–761 e.Kr.) var eitt af helstu skáldum Tang-tímans í Kína.